FLATASKÓLI



ÁRSSKÝRSLA
SKÓLAÁRIÐ 2005 – 2006

Efnisyfirlit

Inngangur.....2

1. Ýmsar upplýsingar 5

2. Nemendafjöldi Flataskóla skólaárið 2005-2006.....6

3. Skólasókn nemenda skólaárið 2005-2006.....7

4. Starfsmenn Flataskóla skólaárið 2005-2006 8

5. Símenntun starfsmanna og þróunarstarf 10

6. Samstarf heimilis og skóla 11
Haustkynningarfundir 11
Foreldradagur 11
Skýrsla foreldraráðs Flataskóla 11
Bekkjarfulltrúar 13

7. Skýrsla deildarstjóra 15

8. Skýrslur umsjónarkennara 17
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk 17
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk 19
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk 22
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk 24
Samræmd könnunarpróf í 4. bekk 26
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk 27
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk 30
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk 32
Samræmd könnunarpróf í 7. bekk.....35

9. Skýrsla um sérkennslu 36

10. Skýrslur list- og verkgreinakennara.....37

11. Ýmsar skýrslur 45
Skýrsla námsráðgjafa.....45
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni 48
Skýrsla tölvuumsjónarmanns 50
Skýrsla um þróunarverkefnið Grænfánann.....52
Skýrsla skólabókasafns 53
Skýrsla tómstundaheimilis 55

Inngangur

Ársskýrsla Flataskóla kemur nú út í fimmta sinn. Skýrslunni er dreift til foreldraráðs skólans, stjórnar foreldrafélagsins, fulltrúa í skólanefnd Garðabæjar, deildarstjóra skóladeildar, og bókasafns Flataskóla. Skýrslan liggur einnig frammi á kaffistofu starfsmanna og er vistuð á heimasíðu skólans, www.flataskoli.is.

Skýrslunni er ætlað að greina frá því mikla og fjölbreytta starfi sem unnið var í Flataskóla skólaárið 2005-2006.

Flataskóli var settur þann 23. ágúst þegar nemendur komu fyrsta skóladaginn. Fjölmenni var við allar setningar og var ánægjulegt hversu mikil þátttaka foreldra var. Skólastarf hófst síðan hjá hverjum árgangi strax að lokinni skólasetningu.

Fyrstu viku septembermánaðar var hefðbundin umferðarvika í skólanum. Lögreglan kom í heimsókn í 2., 4. og 6. bekki. Sérstök áhersla var lögð á fræðslu um notkun endurskinsmerkja, öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum, reiðhjól, hjálma, öruggar gönguleiðir og skemmdaverk.

Foreldrafélag Flataskóla stóð fyrir veglegri náttúrusýningu í samstarfi við skólann í október. Nemendur skólans voru duglegir að koma með hina ýmsu margbreytilegu hluti, gróður og hvaðeina úr náttúrunni og unnu fræðsluefni með kennaranum sínum sem tengdist efninu. Mikill fjöldi gesta kom á sýninguna sem tókst með miklum ágætum og var öllum til sóma. Foreldrafélagið hafði einnig veg og vanda að námskeiði, með Hugo Þórissyni sálfræðingi, fyrir nemendur og foreldra í 7. bekk. Námskeiðið fjallaði um samskipti foreldra og barna og var haldið tvo morgna á skólatíma, tvær fyrstu kennslustundir dagsins. Mjög góð þátttaka var á námskeiðið sem endaði svo með sameiginlegu skemmtikvöldi árgangsins. Gaman er að geta þess að foreldrafélagið var tilnefnt til foreldraverðlauna Heimilis og skóla fyrir bæði náttúrusýninguna og námskeiðið með Hugó Þórissyni.

Dagur íslenskrar tungu var að venju haldinn hátíðlegur í nóvember.
Í tilefni dagsins var glæsileg dagskrá í hátíðarsal skólans og komu nemendur allra árganga með atriði á skemmtunina. Ánægjulegt var að sjá hve margir foreldrar/forráðamenn sáu sér fært að koma og taka þátt í skemmtuninni með okkur.

Einn dag í desember var öllu snúið við í Flataskóla. Störf allra starfsmanna lentu í potti og dró hver og einn sér nýtt starf og leysti það af hendi fram að hádegi þann dag, m.a. kenndi skólastjórinn íþróttir, skólaliðar unnu sem kennarar, kennarar afgreiddu í matsalnum og tölvuumsjónarmaður kenndi í 3. bekk. Nemendur unnu áfram eftir sinni stundaskrá en fengu öðruvísi verkefni og kynntust nýjum starfsmönnum. Margir gengu aftur á bak um skólann, sömdu ruglsögur eða teiknuðu myndir þar sem allt var á hvolfi.
Til að bæta um betur í ruglinu mættu starfsmenn og nemendur í einhverju „skrýtnu", sumir voru í fötunum á röngunni eða með eitthvað furðulegt á höfðinu.
Markmiðið með deginum var að hafa gaman af og fá tilbreytingu í skólastarfið en einnig að starfsmenn kynntust betur störfum hvers annars og að nemendur fengju tækifæri til að kynnast starfsmönnum á annan hátt. Að mati nemenda og starfsmanna var dagurinn vel heppnaður og allir skemmtu sér vel. Ákveðið hefur verið að þessi dagur verði endurtekinn að ári.

Á þriðja sunnudegi í aðventu aðstoðuðu nemendur Flataskóla við guðsþjónustu sem séra Jóna Hrönn Bolladóttir sá um í Vídalínskirkju. Þar fluttu nemendur í 5. bekkja helgileik, nemendur léku á hljóðfæri og lásu ljóð og skólastjóri flutti ávarp. Í athöfninni var barn borið til skírnar. Fjölmenni var við messuna og ánægjulegt var að sjá hvað allir nutu þess að vera þátttakendur í helgihaldinu og héldu glaðir í bragði frá kirkjunni.

Eins og síðastliðin ár fengu nemendur skólans að njóta ýmissa listviðburða. Í október komu þeir Kristján Kristjánsson (KK) og Guðmundur Pétursson í skólann og skemmtu öllum nemendum með söng og hljóðfæraleik. Dagskráin sem þeir fluttu kallast „Þýtur í stráum, íslenski tónlistararfurinn" og léku þeir ýmis íslensk þjóðlög. Í janúar kom síðan Hljómskálakvintettinn sem er málmblásarasveit. Kynntu þeir nemendum málmblásturhljóðfæri og fluttu nokkur þjóðlög og ættjarðarlög fyrir alla nemendur skólans.

Þemadagar voru í nóvember og mars. Í nóvember unnu nemendur listaverk til að prýða skólann og þemadagar í mars voru helgaðir listadögum barna og ungmenna í Garðabæ og var yfirskrift þeirra Ævintýri. Markmiðið með listadögunum var að vekja athygli á því listræna starfi sem fer fram í skólum og stofnunum í bænum. Afrakstur þemadaga var til sýnis á listadögum og einnig komu allir nemendur í 1. – 6. bekk, undir stjórn tónmenntakennara, fram á tónleikum.

Allir nemendur í 5.- 7. bekk fóru í skíðaferð í Bláfjöll í janúar. Nemendur nutu útiverunnar í frábæru veðri og góðu skíðafæri. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og ekkert var um meiðsl.

Lokahátíð stóru upplestarkeppninnar í Garðabæ fór fram í mars. Þar leiddu saman hesta sína nemendur 7. bekkja Flataskóla og Hofsstaðaskóla. Flataskóli átti þrjá bestu lesarana og fengu þeir allir viðurkenningu sem Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar afhenti þeim fyrir þátttöku á lokahátíðinni. Stúlkurnar í þremur efstu sætunum voru: Íris Teresa Emilsdóttir 7. JÁ í þriðja sæti, Alda Elísa Ingvarsdóttir í 7.EÁ í öðru sæti og Eva Agnarsdóttir í 7. SG í fyrsta sæti.

Eins og undanfarin ár heimsóttu skólann góðir gestir. Gídeonfélagar færðu nemendum í 5. bekk Nýja testamentið að gjöf. Meðlimir úr Lionsklúbbnum Eik komu í heimsókn í skólann og færðu nemendum góðar gjafir. Gáfu þær nemendum í 2. bekk litabækur sem m.a. er ætlað að vekja athygli nemenda á eldvörnum og kenna þeim neyðarnúmerið 112. Einnig færðu þær skólanum að gjöf fjóra uppstoppaða fugla, hrafn, haftyðril og tjald.

Máni Hrafnsson og Kristjón Kormákur Guðjónsson komu frá skákfélaginu Hróknum færandi hendi er þeir heimsóttu nemendur í 3. bekk. Þeir færðu nemendum skákbókina Skák og mát að gjöf um leið og þeir hvöttu þá til að iðka skáklistina. Rúmlega 30 nemendur tóku þá þátt í fjöltefli og var hart barist á mörgum borðum. Margir nemendur í 3. bekk kunna að tefla og gáfu stúlkurnar drengjunum ekkert eftir. Í stofum eru töfl og margir nemendur nota næðisstundir og frjálsa tíma til að tefla.

Í mars fóru allir nemendur úr 4. bekk ásamt umsjónarkennurum og tónmenntakennurum í hljóðver Garðaskóla. Þar var tekinn upp söngur nemenda sem gefinn var síðan út á geisladiski. Diskurinn var svo seldur á útgáfutónleikum árgangsins, á listadögum Garðabæjar. Titill disksins var *Jæja þá í þetta sinn* til heiðurs Snata og Óla og Páli Ísólfssyni tónskáldi og upptökustjóri var Gunnar Richardsson.

Mikið fjör var á öskudaginn í Flataskóla. Nemendur og starfsmenn komu þá allir klæddir í búninga. Frábært var að sjá hvað fólk var hugmyndaríkt og margir höfðu lagt mikla vinnu í búningana sína. Töframaður kom og skemmti nemendum, það var dansað í salnum, farið í ýmsar þrautir í íþróttahúsinu, nemendur komu með spil og dót í skólann og endað var á kvikmyndasýningu í salnum. Einnig sungu nemendur fyrir sælgætiskóng og drottningar og fengu að launum nammi eins og tíðkast á öskudegi. Dagurinn var sérstaklega vel heppnaður og mikil gleði var hjá nemendum og starfsmönnum.

Danski gestakennarinn Karin Roholm kom og kenndi nemendum í 7. bekk dönsku í apríl og maí. Karin hefur starfað hér á landi síðan í haust en markmiðið með veru hennar hér er meðal

annars að styðja við og auka áhuga á dönsku máli og menningu. Karin kom með góðar tillögur um kennsluhætti og gerði dönskukennsluna skemmtilega og fjölbreytta.

Í maí mættu hingað skákmeistararnir Guðmundur Kjartansson, Dagur Arngrímsson og Jóhann H. Ragnarsson og tefldu fjöltefli við nemendur skólans. Tveir nemendur í 5.bekk náðu að gera jafntefli við meistarana. Það var Taflfélag Garðabæjar sem hafði veg og vanda að mótinu.

Nokkrir fulltrúar frá Kiwanisklúbbnum Setbergi komu einnig færandi hendi í maí og færðu nemendum 1. bekkja hjálma. Fyrr um morguninn höfðu nemendur fengið fyrirlestur um hjálmanotkun sem hjúkrunarfræðingur skólans sá um.

Í tengslum við ljóðakeppni Flataskóla var haldin ljóðahátíð í maí. Flutt voru tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Garðabæjar, ljóðalestur og hljómsveit, skipuð nemendum í 7. bekk, tók lagið. Þórarinn Eldjárn fræddi nemendur um ljóðagerð og las úr ljóðum sínum. Einnig fór fram verðlaunaafhending þar sem tólf ljóð fengu bókagjafir frá Eddu útgáfu. Erla Guðný Helgadóttir 7.EÁ átti besta ljóðið í keppninni að þessu sinni.

Vímuvarnarhlaup Lions undir stjórn Lionsklúbbsins Eikar fór fram í maí og nemendur 5. bekkja tóku þátt í hlaupinu. Fyrir hlaupið fræddi Hrafnkell Pálmarsson tónlistarmaður í hljómsveitinni „Í svörtum fötum" og fyrrum nemandi í Flataskóla, krakkana um skaðsemi vímuefna og hvatti þau til heilsusamlegra lifnaðarhátta. Fulltrúar bekkjanna stóðu sig með prýði í keppninni, sem var jöfn, en það var 5. HL sem sigraði.

Samstarf við Kennaraháskóla Íslands hefur verið gott í vetur og margir kennaranemar voru hér við æfingakennslu m.a. í 2. og 6. bekk. Auk þess voru einnig kennaranemar frá Háskólanum á Akureyri í vettvangsnámi alla haustönnina.

Síðustu dagar skólaársins, í maí og júní, voru að venju notaðir til útiveru og vorferða og fóru nemendur m.a. í fjallgöngur, hjólaferðir og ýmsar skoðunarferðir. Þessar ferðir eru hluti af skipulögðu skólastarfi vetrarins og eru því eins mikilvægar og aðrir þættir í námi nemenda.

Skólanum var slitið með hátíðlegri athöfn 7. júní. Nemendur allra bekkjardeilda mættu í hátíðarsal skólans og margir foreldrar komu ásamt börnum sínum á skólaslitin. Nú voru nemendur í 7. bekk í fyrsta sinn útskrifaðir frá skólanum. Flutt voru nokkur tónlistaratriði og Rebekka Jenný Reynisdóttir nemandi í 7. SG las ritgerð sína Árin mín í Flataskóla. Kiwanismenn veittu að vanda viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í íslensku í 7. bekk en tekið var mið af hæstu samanlögðu meðaleinkunn í hverjum bekk, var það í 20. sinn sem sú verlaunaafhending fór fram. Þær sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni voru: Eva Agnarsdóttir 7. SG, Erla Guðný Helgadóttir 7. EÁ og Oktavía Jóhannsdóttir 7. JÁ og voru það Kiwanismennirnir Matthías G. Pétursson og Sigurður Axelsson sem afhentu þau. Í lokin voru fráfarandi starfsmenn kvaddir og nemendur 7. bekkja sungu.

Eins og sjá má í þessum inngangi hefur víða verið komið við og aðeins stiklað á stóru. Í skýrslunni verður auk þess fjallað nánar um skólastarfið þó ógerningur sé að gefa tæmandi mynd af öllu því starfi sem unnið hefur verið í Flataskóla í vetur.

Öllum þeim sem komu að gerð ársskýrslu Flataskóla eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Garðabæ, júní 2006

Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri

1. Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Flataskóla

Skólastjóri	Sigurveig Sæmundsdóttir
Aðstoðarskólastjóri	Helga María Guðmundsdóttir
Deildarstjóri 5.-7. bekk	Skúli Kristjánsson Þorvaldz
Deildarstjóri 1.-4. bekk	M. Elín Guðmundsdóttir

Nefndir og ráð skólaárið 2004-2005

Kennararáð	Guðríður Rail Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir Rakel Svansdóttir Til vara: Helga Melsteð
Fulltrúi kennara í skólanefnd	Hjördís Ástráðsdóttir Til vara: Svanhvít Guðbjartsdóttir
Nemendaverndarráð	Ásta Bára Jónsdóttir Helga María Guðmundsdóttir M. Elín Guðmundsdóttir Ólöf Stefánsdóttir Skúli Kristjánsson Þorvaldz Trausti Valsson
Skipulag þemadaga	Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir Ragna Gunnarsdóttir Rakel Svansdóttir
Áfallaráð	Olga Guðrún Snorradóttir Helga María Guðmundsdóttir Jóna Guðrún Oddsdóttir Ólöf Stefánsdóttir Sigurveig Sæmundsdóttir
Ritstjórn heimasíðu	Steinunn Hall



Nemendur í 7. bekk kvöddu skólann með söng og hljóðfæraleik

2. Nemendafjöldi Flataskóla skólaárið 2005-2006

Skólaárið 2005 - 2006 voru 420 nemendur í skólanum, þarf af 223 drengir og 197 stúlkur í 19 bekkjardeildum. Í 1., 2. og 5 bekk voru tvær bekkjardeildir, í 3., 4. og 7. bekk voru þrjár bekkjardeildir en í 6. bekk voru fjórar bekkjardeildir í árgangi. Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir bekkjardeildum.

	piltar	**stúlkur**	**alls**	**umsjónarkennarar**
1. RG	13	10	23	Ragna Gunnarsdóttir
1. RS	13	11	24	Rakel Svansdóttir
2. ED	13	7	20	Elfa Dögg Einarsdóttir
2. OS	13	9	22	Olga G. Snorradóttir
3. HM	8	9	17	Helga Melsteð
3. ÍB	6	8	14	Ída Björg Unnarsdóttir
3. MH	8	9	17	Margrét Ásdís Haraldsdóttir
4. AR	13	13	26	Anna Rósa Skarphéðinsdóttir
4. EÞ	15	11	26	Erna Þorleifsdóttir
4. HS	13	11	24	Halla I. Svavarsdóttir
5. HL	12	12	24	Hanna Lóa Friðjónsdóttir
5. JG	12	11	23	Jafet Egill Gunnarsson
6. AS	10	9	19	Auður Skúladóttir (Þóra Þórisdóttir)
6. GR	8	12	20	Guðríður Rail
6. HG	12	11	23	Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir
6.HSG	12	8	20	Helga Sigríður Guðjónsdóttir
7. EÁ	13	12	25	Elín Ása Þorsteinsdóttir
7. JÁ	13	13	26	Jóhanna Bech Ásgeirsdóttir
7. SG	16	11	27	Svanhvít Guðbjartsdóttir
	223	**197**	**420**	

Fjöldi nemenda í Flataskóla s.l. fjögur ár:

	2003	2004	2005	2006
Fjöldi nemenda	440	450	417	420



Gaman að ganga á stultum á íþróttadegi í júní


3. Skólasókn nemenda skólaárið 2005-2006

Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi frá upphafi skólagöngu. Það er á ábyrgð foreldra að styðja börnin í því að mæta alltaf á réttum tíma í skólann. Því miður eru dæmi um að nokkrir nemendur mæta ítrekað of seint í skólann á morgnana. Það er erfitt fyrir barn að koma of seint í skólastofuna þegar kennsla er hafin. Bæði missir barnið af upphafi kennslunnar og einnig fær það oft leiðinlegar athugasemdir frá bekkjarsystkinum. Við teljum þetta alfarið vera vanda foreldra en ekki barnanna.

Samkvæmt skráningu var fjöldi nemenda í leyfi frá skólanum nú á vordögum. Alls var beðið um leyfi fyrir 67 nemendur tímabilið apríl til júní. Þetta eru leyfi frá þremur dögum og fleiri. Leyfin eru flest tilkomin vegna sumarleyfisferða fjölskyldunnar. Þetta raskar verulega skólagöngu barnanna þar sem flest leyfanna eru í maí þegar undirbúningur prófa og fyrirlögn þeirra stendur yfir. Ekki er sjálfgefið að samin séu sérstök próf fyrir þessi börn og því oft gefin umsögn í stað prófa. Þetta getur haft veruleg áhrif á nám einstakra barna. Í nokkrum tilfellum hafa foreldar ekki val um að taka sumarleyfi utan starfstíma skóla og sækja því um leyfi fyrir börnin. Við skólastjórnendur teljum æskilegt að foreldrar reyni eins og við verður komið að skipuleggja ferðalög fjölskyldunnar utan starfstíma skólans.

Á síðustu kennsludögum í vor var kennslan skipulögð að hluta úti í náttúrunni. Það bar við að tilkynnt væri að nemendur yrðu heima þar sem ekki skipti máli að mæta á slíka daga. Þetta er að okkar mati algerlega óásættanlegt þar sem mikil vinna er lögð í að skipuleggja kennsluna sem er jafn mikilvæg þessa daga sem aðra.
Um leið og foreldrum eru þökkuð góð samskipti á skólaárinu vonum við að þeir taki þessum ábendingum vel.

Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri



4. Starfsmenn Flataskóla skólaárið 2005-2006

Skólaárið 2005-2006 voru starfandi við skólann 81 starfsmaður. Þarf af voru 49 kennarar og stjórnendur, 13 skólaliðar, 3 stuðningsfulltrúar, 7 starfsmenn tómstundaheimilis og 8 aðrir starfsmenn.

Anna Sigríður Pálsdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis
Anna Rósa Skarphéðinsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Arnheiður Borg	stundakennsla - sérkennsla
Auður Gunnarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Auður Skúladóttir	umsjónarkennari 6. bekk
Ásdís Árnadóttir	umsjónarmaður tómstundaheimilis
Ásgerður Baldursdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis
Áslaug Pálsdóttir	skólaliði
Áslaug B. Ólafsdóttir	tónmenntakennari
Ásta B. Jónsdóttir	námsráðgjafi
Bryndís Þórarinsdóttir	smíðakennari 4. – 6. bekk
Brynhildur Auðbjargardóttir	kór
Dóra Þórisdóttir	matráður og skólaliði
Elfa Dögg Einarsdóttir	umsjónarkennari 2. bekk
Elín Ása Þorsteinsdóttir	umsjónarkennari 7. bekk
Elín Birna Guðmundsdóttir	íþróttakennari
Erna Þorleifsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Guðbjörg Hjörleifsdóttir	kennari í 2. bekk
Guðbjörg Ragnarsdóttir	sérkennari í 5. – 7. bekk
Guðný Guðlaugsdóttir	skólaliði
Guðríður Ágústsdóttir	skólaliði
Guðríður Rail	umsjónarkennari 6. bekk
Guðríður Margrét Thorarensen	sérkennari í 5. – 7. bekk
Guðríður Sveinsdóttir	sérkennari í 1. – 4. bekk
Guðrún Friðriksdóttir	textílmennt
Guðrún Garðarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Halla Rósenkranz Guðmundsd.	umsjónarkennari 6. bekk
Halla I. Svavarsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	umsjónarkennari 5. bekk
Hannes Ingi Geirsson	íþróttakennari – kennsla í sérdeild
Helga Sigríður Guðjónsdóttir	umsjónarkennari 5. bekk
Helga María Guðmundsdóttir	aðstoðarskólastjóri
Helga Melsteð	umsjónarkennari 3. bekk
Hjördís Ástráðsdóttir	tónmenntakennari
Hólmfríður Valdimarsdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis
Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir	myndmenntakennari
Hrefna Jónsdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis
Hörður S. Hrafndal	umsjónarmaður húss
Ingibjörg Baldursdóttir	bókasafnsfræðingur
Ingibjörg Jónasdóttir	skólaliði
Ingigerður Baldursdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis
Ída Björg Unnarsdóttir	umsjónarkennari 3. bekk
Jafet Egill Gunnarsson	umsjónarkennari 5. bekk
Jóhanna Bech Ásgeirsdóttir	umsjónarkennari 7. bekk
Jón Sigþór Jónsson	tölvuumsjónarmaður
Jóna Guðrún Oddsdóttir	ritari
Jónína Sigrún Ólafsdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis

Kolbrún Sigríður Sigmundsdóttir	stuðningsfulltrúi
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	kennari í 1. bekk
M.Elín Guðmundsdóttir	deildarstjóri yngra stigs, 1. – 4. bekk
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	umsjónarkennari 3. bekkur
Margrét Hjaltadóttir	textílmennt 4. – 6. bekk
María Alexandersdóttir	skólaliði
Olga G. Snorradóttir	umsjónarkennari 2. bekkur
Ólafur Steinar Kristjánsson	leiðbeinandi í list- og verkgreinum
Ólöf Sighvatsdóttir	stærðfræðikennsla í 5. – 7. bekk
Ólöf Stefánsdóttir	hjúkrunarfræðingur
Rafnhildur Jóhannesdóttir	forfallakennsla
Ragna Gunnarsdóttir	umsjónarkennari 1. bekk
Ragnheiður Friðjónsdóttir	kennari í 4. bekk
Rakel Svansdóttir	umsjónarkennari 1. bekk
Sigríður Ólafsdóttir	sérkennari 1. – 4. bekk
Sigrún Þór Björnsdóttir	skólaliði
Sigrún Guðmundsdóttir	skólaliði
Sigrún Linda Loftsdóttir	skólaliði
Sigurbjörg Helena Jónasdóttir	skólaliði
Sigurlaug Jónsdóttir	talmeinafræðingur
Sigurveig Sæmundsdóttir	skólastjóri
Skúli Kristjánsson Þorvaldz	deildarstjóri eldra stigs, 5. – 7. bekk
Soffía Huld Friðbjarnardóttir	tónmenntakennari
Sólveig Jóhannsdóttir	skólaliði
Steinunn Hall	kennsluráðgjafi í tölvum
Svala Júlía Ólafsdóttir	skólaliði
Svanfríður Snorradóttir	stuðningsfulltrúi
Svanhvít Guðbjartsdóttir	umsjónarkennari 7. bekkur
Trausti Valsson	skólasálfræðingur
Vigdís Ketilsdóttir	skólaliði
Zoran Johannes Despotovic	íþróttakennari
Þórunn Hafstein	kennari í 5. bekk og sérdeild
Þuríður Anna Jónsdóttir	heimilisfræðikennari





Frá grillveislu Flataskóla síðasta skóladaginn

5. Símenntun starfsmanna og þróunarstarf

Helstu áherslur og markmið Flataskóla skólaárið 2005-2006:

- Að efla umhverfismennt
- Að leggja áherslu á að nemendur fái nám við hæfi
- Að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum
- Að tryggja vellíðan nemenda og starfsmanna
- Að efla samstarf heimils og skóla
- Að þróa gagnvirka upplýsingamiðlun.

Skólaárið 2005-2006 sóttu umsjónarkennarar skólans námskeið í lífsleikni á vegum Símenntunarstofnunar Kennaraháskóla Íslands. Námskeiðið sóttu einnig kennarar í Hofsstaðaskóla. Um var að ræða 20 sunda námskeið sem haldið var í sex skipti frá ágúst 2005 til janúar 2006. Á námskeiðinu kynntust kennarar nýju námsefni í lífsleikni.

Á skipulagsdegi í október var námskeið um lestrarkennslu fyrir kennara á yngra stigi og um talað mál og framsögn hjá nemendum á eldra stigi. Leiðbeinandi á þessum námskeiðum var Svanhildur Sverrisdóttir kennsluráðgjafi í íslensku.

Í janúar, á skipulagsdegi fóru allir starfsmenn í fræðsluferð í Sorpu í Gufunesi. Markmið fræðslunnar var að kynna starfsmönnum gildi flokkunar úrgangs og endurvinnslu. Var ferðin skipulögð í tengslum við þróunarverkefni skólans „Skóli á grænni grein".

Í apríl og júní var Lilja M. Jónsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, með námskeið fyrir alla kennara skólans um fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf. Mun því verða haldið áfram á næsta skólaári sem þróunarverkefni skólans.

Á skipulagsdegi í júní fengu allir starfsmenn fræðslu um agakerfið SMT og verður þeirri fræðslu fylgt eftir á skipulagsdögum í ágúst 2006. Þá sóttur einnig kennarar í 4. og 5. bekk námskeið hjá Svanhildi Sverrisdóttur kennsluráðgjafa um lestrar- og ritunarkennslu.

Stjórnendur sóttu m.a. fræðslufund á vegum Skólastjórafélags Reykjaness í nóvember. Þá sátu þeir fyrirlestur um breytingarstjórnun og skapandi starf í skólastarfi.

Starfsmenn Flataskóla sóttu auk þess fjölmörg önnur námskeið og nýttu sér tilfallandi tilboð um fyrirlestra og fundi á skólaárinu.

Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri





Starfsmenn í fræðsluferð í Sorpu í Gufunesi

6. Samstarf heimils og skóla

Haustkynningarfundir

Námskynningarfundir skólaárið 2005 - 2006 voru haldnir dagana 12. - 16. september. Fundartíminn var kl. 8:10 - 9:10. Nemendur mættu samkvæmt stundaskrá en var kennt annarsstaðar á meðan á fundi stóð. Á þessum fundum kynna umsjónarkennarar skólastarfið og foreldrar ræða ýmis mál.

Í 1. bekk komu foreldrar/forráðamenn fyrst á hópfund í skólann í maí að vori, áður en barnið byrjar í skólanum. Kynningarfundur var síðan haldinn 18. ágúst og í framhaldi af þeim fundi voru einstaklingsviðtöl umsjónarkennara við foreldra og barn mánudaginn 23. ágúst.

Í 4. bekk komu foreldrar fyrst saman á sal. Þar var fyrirkomulag samræmdra prófa kynnt. Eftir kynningu á sal fóru foreldrar með umsjónarkennarum í stofur barnanna þar sem skólastarfið í 4. bekk var kynnt nánar.

Foreldradagar

Foreldradagar voru í október og janúar. Þá voru nemendur og forráðmenn þeirra boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Aðrir kennarar og starfsmenn voru einnig til viðtals í skólanum þegar viðtölin fóru fram. Foreldrar mættu að venju mjög vel á þessa fundi og var mæting á báða foreldradaga 100% sem verður að teljast hreint frábær mæting.



Nemendur og foreldrar saman á námskeiði hjá Hugó Þórissyni

Skýrsla foreldraráðs Flataskóla

Foreldraráð var fullskipað veturinn 2005 – 2006. Aðalmenn voru Birna Ólafsdóttir, Jens G. Einarsson og Ásdís Björnsdóttir sem jafnframt var formaður. Varamenn voru Halla Haraldsdóttir, Hlynur Jónsson, Katrín Helga Stefánsdóttir og Þráinn Valur Hreggviðsson. Ráðið hélt 10 fundi, að jafnaði einu sinni í mánuði og eru fundargerðir þess á vef Flataskóla undir *Foreldraráð*.

Helstu verkefni Foreldraráðs veturinn 2005 – 2006

1. Umsögn um *Skólanámskrá Flataskóla 2005 - 2006*. Farið var yfir skólanámskrá með megináherslu á kaflana um íslensku, stærðfræði, lífsleikni og listgreinar. Umsögn var

skilað í mars og í henni settur fram fjöldi spurninga um skólastarfið. Umsögninni var fylgt úr hlaði á fundi með skólastjórnendum.

2. Umsögn um *skóladagatal* Flataskóla 2006 – 2007.
3. Þátttaka í lokafundi um verkefnið *Vertu til!* sem er samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar um forvarnir. Sá hluti verkefnisins sem snýr að grunnskólum og foreldrafélögum er kominn í farveg innan svæðaráðs foreldraráða og foreldrafélaga í grunnskólum Garðabæjar og verður fylgt eftir næsta vetur.
4. Þátttaka í verkefninu *Allt hefur áhrif - einkum við sjálf* sem er samvinnuverkefni sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar um bætt mataræði og aukna hreyfingu barna.
5. Umfjöllun um matarmál í skólanum. Liður í því var söfnun upplýsinga um fyrirkomulag matarmála (matseðlar, eldun og verð) í öðrum skólum ásamt því að fulltrúar í foreldraráði borðuðu í nokkur skipti í Flataskóla. Ákveðið að tengja matarmál verkefninu *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf*.
6. Þátttaka í vinnuhópi grunnskóla um endurskoðun *skólastefnu Garðabæjar*.

Auk þess fjallaði foreldraráð um erindi sem því bárust og önnur tilfallandi verkefni sem snúa að skólastarfinu. Formaður foreldraráðs sat í svæðaráði foreldraráða og foreldrafélaga í grunnskólum Garðabæjar en fundargerðir þess eru á vef Garðabæjar undir *skólar*.

Foreldraráð átti árlegan fund með bæjarstjóra þar sem farið var yfir helstu áherslur foreldraráðs í vetur (sjá umsögn um skólanámskrá Flataskóla 2005 - 2006). Einnig fundaði foreldraráð með skólastjóra og öðrum stjórnendum skólans eftir þörfum.

Foreldraráð þakkar stjórnendum Flataskóla, foreldrafélagi, kennurum og nemendum gott samstarf í vetur með ósk um ánægjulegt sumar.

Foreldraráð Flataskóla skólaárið 2005-2006
Ásdís Björnsdóttir
Birna Ólafsdóttir
Jens G. Einarsson



Frá náttúrusýningu foreldrafélagsins í október

Bekkjarfulltrúar skólaárið 2005-2006

Á haustkynningarfundum í öllum bekkjum eru valdir 2 - 3 bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk. Skólaárið 2005 - 2006 voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar:

7. bekkur EÁ
Ágústa Hjartar Ástráðsdóttir
Kristín Helga Gunnarsdóttir
7. bekkur JÁ
Helga Jónsdóttir
Jóhann Arnarson
Harpa Rúnarsdóttir
Þóra Kemp
7. bekkur SG
Sigríður Garðarsdóttir
Anna Margrét Kristinsdóttir

6. bekkur AS
Helga Melsted
Inga Hildur Yngvadóttir
Leila Arge
6. bekkur GR
Fjóla Jónsdóttir
Áslaug Dís Ásgeirsdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
6. bekkur HG
Bryndís Rail
Kristjana Kristjánsdóttir
Helga Daníelsdóttir
6. bekkur HSG
Auður Hafsteinsdóttir
Sigríður Anna Nikulásdóttir
Hulda Guðborg Þórisdóttir
Jónína Þ. Kristjánsdóttir

5. bekkur HL
Guðrún Borghildur Jóhannsdóttir
Kolbrún Bergmann
Ingibjörg Baldursdóttir
5. bekkur JG
Engilbert Sigurðsson
Katrín Halldórsdóttir
Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir

4. bekkur AR
Íris Rut Erlingsdóttir
Þórleif Hjartardóttir
Bergljót Vilhjálmsdóttir
Haraldur Haraldsson
Hugrún H. Einarsdóttir
4. bekkur EÞ
Soffía Pálsdóttir
Guðný Dóra Sigurðardóttir
Ásdís Björnsdóttir
Anna Sigríður Kristjánsdóttir

4. bekkur HS
Ólöf Ásgeirsdóttir
Björg Pétursdóttir
Borghildur Ágústsdóttir

3. bekkur HM
Hugrún Gunnarsdóttir
Hörður V. Arilíusson
Ásthildur Helga Bragadóttir
3. bekkur ÍB
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir
3. bekkur MH
Edda Rósa Gunnarsdóttir
Helga Daníelsdóttir

2. bekkur ED
Ragnheiður Thorsteinsson
Helga Björg Barðadóttir
Bryndís Ólafsdóttir
Ragnheiður Katla L. Ólafsdóttir
2. bekkur OS
Borghildur Jóhannsdóttir
Hildur Ólafsdóttir
Linda Rán Úlfarsdóttir

1. bekkur RG
Bryndís Ólafsdóttir
Hlynur Rúnarsson
Elín María Björnsdóttir
1. bekkur RS
María Gomez
María Guðmundsdóttir
Sigríður Ragnarsdóttir





Bekkjarkvöld hjá 4. bekk

7. Skýrsla deildarstjóra

Í vetur voru deildarstjórar við skólann:
M. Elín Guðmundsdóttir 1.- 4. bekk
Skúli Kristjánsson Þorvaldz 5. - 7. bekk

Starf deildarstjóranna felst í að hafa umsjón með árgöngum 1. – 7. bekkjar og sjá um að eðlileg samfella myndist í náminu, að fylgt sé kennsluáætlunum og að unnið sé samkvæmt námsskrá. Einnig kynntu deildarstjórar árgöngunum ýmsar kennslufræðilegar hugmyndir og studdu kennara við að fylgja þeim. Unnið var að samræmingu milli árganga, höfð var yfirumsjón með prófum, prófagerð, yfirlestri og yfirferð. Deildarstjórar tóku þátt í vinnu ýmissa starfshópa. Deildarstjórarnir sáu um að kynna nýtt námsefni fyrir kennurum árganganna og komu með hugmyndir að innkaupum á kennslutækjum.

Deildarstjórar studdu kennara skólans í ýmsum málum sem upp komu meðal nemenda. Þeir sátu í nemendaverndarráði sem fundaði vikulega um málefni nemenda. Deildarstjórar höfðu umsjón með umgengni og atferlismótun nokkurra nemenda og var málum þeirra fylgt eftir. Þá var kennurum veitt ráðgjöf í þessum efnum og var eftirfylgni stýrt af þeim í mörgum málum. Eins hafa deildarstjórar skipulagt viðbrögð við eineltismálum sem komið hafa upp í skólanum og í því sambandi átt fundi með sérfræðingum (s.s. sálfræðingum og læknum), námsráðgjafa, umsjónarkennurum, nemendum og forráðamönnum þeirra. Nokkur fjöldi forráðamanna hefur haft samband við deildarstjóra og fengið ráðgjöf vegna ýmissa mála er snerta nemendur.
Mikið og gott samstarf var við námsráðgjafa og sálfræðing. Deildarstjórar sáu um og framkvæmdu kannanir sem sneru að líðan nemenda.

Deildarstjórar funduðu vikulega með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Fundað var að minnsta kosti tvisvar í mánuði með umsjónarkennurum í hverjum árgangi. Á þessum fundum er starfið samræmt og upplýsingum komið á framfæri. Nokkrir deildarfundir voru haldnir undir stjórn deildarstjóra á viðkomandi stigi þar sem rædd voru ýmis mál sem tengdust árgöngunum.

Einkunnaskil voru með öðrum hætti en venjulega. Í ár var lagt upp með að kennarar skiluðu ,,einkunnaskýrslu" ásamt vitnisburðarblaði fyrir hvern nemanda. Í skýrslunni voru nánari upplýsingar um námsmat í öllum námsgreinum. 7. bekkur reið á vaðið fyrir áramót og skiluðu allir árgangar eldra stigs skýrslu eftir áramót. Lagt var af stað með skýrslu á yngra stigi.

Deildarstjóri yngra stigs fundaði með tengiliðum leikskóla bæjarins og sá um skipulagningu á heimsóknum leikskólabarna í Flataskóla. Deildarstjóri heimsótti leikskóla bæjarins og fékk þar upplýsingar um verðandi nemendur. Deildarstjóri yngra stigs sá um að skipuleggja heimsóknir umsjónarkennara 1. bekkja í leikskólana. Áfram var unnið með verkefnið ,,Gegn einelti í Garðabæ" í samvinnu við námsráðgjafa Garðaskóla, deildarstjóra Hofsstaðaskóla og fulltrúa Sjálandsskóla.

Deildarstjóri eldra stigs skipulagði fundi með tengiliðum Garðaskóla vegna flutnings nemenda þangað og sá um heimsóknir elstu nemenda Flataskóla í Garðaskóla. Einnig sá hann um heimsóknir nemendaráðgjafa frá Garðaskóla og sat fundi deildarstjóra sérkennslu vegna flutnings nemenda.

Deildarstjórar fóru á ráðstefnur og fræðslufundi og komu að skipulagi á nokkrum námskeiðum.

Helstu atburðir sem deildarstjórar sáu um og skipulögðu:
Umferðarvika var haldin í upphafi skólaárs. Unnu allir árgangar verkefni sem tengdust umferðarmenningu og lögreglan heimsótti okkur.

Vinavika var einnig í upphafi skólaársins. Vinabekkir unnu þessa viku ýmislegt saman. Nemendur 4. bekkja tóku þátt í söfnun ABC barnahjálpar. Safnað var fyrir uppbyggingu skólastarfs í Pakistan, nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og söfnuðust rúmlega 186.000 krónur. Í vor tóku nemendur 4. bekkja einnig þátt í að setja niður kartöflur og rækta grænmeti í skólagörðunum við Silfurtún. Í upphafi skólastarfs í haust verður uppskeruhátíð og útbúnir réttir. Nemendur í 5. bekk gróðursettu plöntur á Hnoðraholti. Gróðursetningin er árviss viðburður unnin í samvinnu við Erlu Bil garðyrkjustjóra Garðabæjar.

Ljóðahátíð var haldin í skólanum 30. mars. Efnt var til ljóðakeppni og bárust á fimmta hundrað ljóð. Fengnir voru sérfræðingar í dómnefnd þau: Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Svanhildur K. Sverrisdóttir og Arnheiður Borg sat fyrir hönd skólans. Gestur að þessu sinni var Þórarinn Eldjárn.

Föstudaginn 26. maí mættu hingað skákmeistararnir Guðmundur Kjartansson, Dagur Arngrímsson og Jóhann H. Ragnarsson og tefldu fjöltefli við nemendur skólans. Guðmundur Kjartansson er margfaldur Íslands- og norðurlandameistari auk þess er hann kominn með einn áfanga að alþjóðlegum titli. Mörg börn tóku þátt í fjölteflinu.

Á vordögum var mikið um að vera í skólanum. Skólastarf var brotið upp og fóru nemendur í fjallgöngu, reiðhjólaferð, fjöruferð, sveitaferð og haldinn var íþróttadagur þar sem hápunkturinn var knattspyrnumót milli Flataskóla og Hofsstaðaskóla. Einnig var foreldrum nemenda boðið í skólann þar sem vinna nemenda var kynnt með leikritum, glærusýningum, söng og hljóðfæraleik. Foreldrum yngri nemenda var boðið á kórtónleika þar sem nemendur í 1.-4. bekk eru öll í kór. Síðasta daginn voru nemendur kvaddir með pylsum og leikjum á skólalóðinni í yndislegu veðri. Mikil ánægja var með vordagana bæði hjá foreldrum og börnum enda mikið lært. Skólatími nemenda var samkvæmt stundaskrá þessa daga.

Ýmsar aðrar uppákomur/ferðir voru skipulagðar í nánu samráði við skólastjórnendur og kennara.

M. Elín Guðmundsdóttir og Skúli K. Þorvaldz deildarstjórar





Íþróttadagur í Flataskóla í október

8. Skýrslur umsjónarkennara

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Nemendur árgangsins voru 47 í tveimur bekkjardeildum. 23 nemendur í 1.RG og 24 í 1.RS.
Umsjónarkennarar voru: Ragna Gunnarsdóttir, Rakel Svansdóttir. Auk þess kenndi Kristín Ósk Þorleifsdóttir.
Kennt var í stofum V-205 og V-207 og M-209.

Í fyrsta bekk fengu nemendur 34 kennslustundir sem skiptust þannig:

Íslenska	11 kennslustundir
Stærðfræði	7 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Íþróttir/sund/leikir	3 kennslustund
Kristinfræði	1 kennslustund
Tónmennt	1 kennslustund
Tölvur	1 kennslustund
Bókasafn	1 kennslustund
Handmennt	1 kennslustund
Myndmennt	1 kennslustund
Heimilisfræði	námskeið
Sund	námskeið

Námsmat

Lestur: Hraðlestrarpróf í janúar, apríl og maí.
Læsi: Læsi 1.1 í janúar, Læsi 1.2 í mars og Læsi 1.3 í maí.
Stærðfræði: Eitt próf var lagt fyrir í maí. Það próf gildir 50% af lokaeinkunn. Eftir áramót voru lagðar fyrir 5 kannanir þar sem 4 bestu gilda 50% á móti vorprófi. Talnakannanir/einingaverkefni voru lagðar fyrir yfir veturinn.
Könnun um líðan nemenda: Deildarstjóri lagði fyrir könnun um líðan meðal barnanna fyrir foreldraviðtölin í október.
Tove Krogh: Var lagt fyrir þegar nemendur voru búnir að vera 6 vikur í skólanum.
Stafakannanir: Stafakannanir voru lagðar fyrir í október fyrir foreldraviðtöl og í janúar og maí um leið og lestrarprófað var.

Meðaltal einkunna í einstökum námsgreinum

- Lestur: 3,8
- Stærðfræði: 8,5

Helstu áherslur árgangsins:

- Að nemendur tileinkuðu sér almennar skólareglur.
- Markviss málörvun.
- Mikil áhersla er lögð á að nemendur tileinkuðu sér lögun og hljóð bókstafanna. Stafainnlögn hófst í þriðju viku, þar sem kenndur var einn stafur á viku en svo í janúar var ákveðið að kenna tvo stafi sem gafst mjög vel fyrir þennan hóp.
- Mikil áhersla lögð á lestur og að nemendur lesi daglega í skóla og heima.
- Blöndun árgangsins í morgunhópum (fyrstu tveir tímarnir í íslensku og stærðfræði) ásamt samfélagsfræðitímum. Ásamt því að nemendur gátu farið á milli stofa í frjálsum leiktímum. Það varð til þess að nemendur samlöguðust mjög vel.
- Í skriftarkennslu er áhersla lögð á að nemendur læri að nota réttan stafdrátt og haldi rétt á skriffærum.

- Í stærðfræði er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er með námsefninu Einingu. Þar að auki var lögð sérstök áhersla á samlagningu og frádrátt.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.



Áhugasamir nemendur í 1. bekk

Helstu þemaverkefni í náttúru- og samfélagsfræði voru:

Umferðin, jólin, árstíðirnar, húsdýrin, bókin um mig.

Vettvangsferðir – uppákomur - bekkjarkvöld

- Nokkrar gönguferðir voru farnar í nágrenni skólans.
- Strætóferð á Náttúrugripasafnið í Kópavogi.
- Jólaljósaferð í strætó.
- Kirkjuferð í desember.
- !00 daga hátíð í lok janúar.
- Strætóferð í Egilshöll, farið var á skauta.
- Hefðbundið bekkjarkvöld fyrir áramót þar sem allur árgangurinn var saman og keiluferð eftir áramót, hvor bekkur um sig.
- Komum fram á Listadögum í mars.
- Strætóferð í Húsdýragarðinn í maí.
- Hjólaferð um nágrenni skólans.
- Sameiginlegur samverustund allra 6 ára barna í Garðabæ í maí.
- Gönguferð á Gunnhildi í maí.
- Grill/sumarpartý hjá Kristínu í maí.

Það sem gekk vel

- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið mjög gott og tókst ágætlega að skipta með sér verkum.
- Blöndun nemenda á milli bekkja skilar góðum árgangi.
- Lestrarkennslan gekk vel og flestir nemendur sýndu framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Foreldrasamstarf gekk mjög vel og var foreldrahópur mjög áhugasamur.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og var ánægja meðal nemenda og kennara.

Nýbreytni

- Breyting varð á heimavinnu frá fyrra ári. Byrjuðum með stafabækur en settu svo eitt blað í einu til að byrja með. Kenndum svo tvo stafi í einu og lukum því stafainnlögn í byrjun mars.
- Blöndun var mikil milli bekkja, bæði í námsgreinum og valtímum. Það skilaði góðum árangri hjá nemendum og var einnig góð leið fyrir kennara til að kynnast nemendum annarra bekkja.

Ragna Gunnarsdóttir og Rakel Svansdóttir



Nemendur í 1. bekk með bátana sína á leiðinni út að læk

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur árgangsins voru 44 í tveimur bekkjardeildum. 22 í 2. OS og 22 í 2.ED.
Umsjónarkennarar voru Olga Guðrún Snorradóttir, Elfa Dögg Einarsdóttir. Auk þess kenndi Guðbjörg Hjörleifsdóttir.
Kennt var í stofum M–209 og M–211. í október voru bekkirnir fluttir í stofur V-203 og S-218.

Í öðrum bekk fengu nemendur 34 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:

Íslenska	12 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Náttúrufræði	2 kennslustundir
Íþróttir/leikir	3 kennslustundir
Kristin fræði	1 kennslustund
Tónmennt	1 kennslustund
Tölvur	1 kennslusund
Bókasafn	1 kennslusund
Handmennt	1 kennslustund
Myndmennt	1 kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
Heimilisfræði	námskeið
Sund	námskeið

Námsmat

Lestur: Hraðlestrarpróf í september, desember, janúar, mars og maí.
Læsi: Læsi 2.1 í nóvember og Læsi 2.2 í mars.
Skrift: Próf í janúar og maí. Auk þess er frágangur vinnubóka metinn.
Stafsetning: Könnun í stafsetningu í janúar og maí (Aston index).
Stærðfræði: Könnun í upphafi skólaárs. Próf í janúar og maí. Árangur í könnunum og prófum á vorönn, auk sjálfstæðis og vinnusemi lagður til grundvallar lokaeinkunnar.

Meðaltal einkunna í einstökum námsgreinum

	Haustönn	**Vorönn**
Lestur	**5,0**	**5,4**
Stærðfræði	**8,5**	**8,2**
Skrift og frágangur	**7.0**	**7,1**

Helstu áherslur árgangsins

- Að nemendur tileinki sér almennar skólareglur.
- Mikil áhersla lögð á lestur og að nemendur lesi daglega heima og eftir því sem við verður komist í skóla.
- Í skriftarkennslu er áhersla lögð á að nemendur dragi rétt til stafs og tileinki sér vönduð vinnubrögð.
- Í stærðfræði er rík áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er með námsefninu Einingu.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.
- Góð samvinna við heimili og skóla vegna heimavinnu og almenns skólastarfs.



Eldgos í 2. OS

Helstu þemaverkefni í náttúru- og samfélagsfræði

Skólinn, umferðin, veður, árstíðir, mánuðir og vikudagar, jörðin okkar og Þingvellir.

Vettvangsferðir – uppákomur - bekkjarkvöld

- Gönguferðir í nágrenni skólans.
- Fjöruferð í Hlíðsnesfjöru í september.
- Kirkjuferð í desember.
- Ferð í Árbæjarsafn í desember.
- Vorferð til Þingvalla.
- Fornleifar Hofsstaða skoðaðar.
- Bekkjarkvöld á haust- og vorönn, piparköku, spila- og bingókvöld.
- Vinahópar skipulagðir af foreldrum.
- Vinabekkir hittust og m.a. spiluðu saman og fóru í gönguferðir/leiki.

Það sem gekk vel

- Námsárangur nemenda var almennt góður.
- Lestrarkennslan gekk mjög vel og margir nemendur sýndu miklar framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Í stærðfræðinni ræktuðu nemendur allskyns plöntur í skólastofu í tengslum við Einingu 4.
- Nemendur æfðu sig í Ritfinni, forrit sem æfir réttar fingrasetningar, við mikinn áhuga.
- Í samfélagsfræði var unnið með námsefnið Komdu og skoðaðu land og þjóð og reyndist það bæði skemmtilegt og fjölbreytt.
- Í náttúrufræði var unnið með hringjabókina og ýmislegt sem tengist hringforminu s.s. árstíðir, mánuðir, ár og klukku.
- Í heimilisfræði var hálfur bekkur í senn, 11 skipti hver hópur.
- Á vordögum var uppskeruhátíð í tónmennt. Allir nemendur árgangsins sungu saman fjölda laga á sal við mikinn fögnuð áhorfenda.
- Nemendur tóku þátt í ljóðakeppni. Skemmtilegt og lærdómsríkt uppbrot á skólastarfi.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og bæði var ánægja með viðfangsefnin og skiptingu árganga.
- Nemendur tóku þátt í ýmsum uppákomum í skólanum og stóðu sig með prýði.
- Foreldrasamstarf gekk mjög vel og var foreldrahópur áhugasamur.
- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið mjög gott og tókst mjög vel að skipta verkum.

Olga Guðrún Snorradóttir, Elfa Dögg Einarsdóttir
og Guðbjörg Hjörleifsdóttir



Nemendur í 2. bekk í Árbæjarsafni

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur árgangsins voru 48 í þremur umsjónarhópum. 17 í 3.HM, 14 í 3.ÍB og 17 í 3.MH.
Umsjónarkennarar voru: Helga Melsteð, Ída Björg Unnarsdóttir og Margrét Ásdís Haraldsdóttir.
Kennt var í stofum S-220, S-224, S-226.

Í þriðja bekk fengu nemendur 34 kennslustundir á viku, sem skiptust þannig:

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Tónmennt	1 kennslustund
Kór	1 kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
Tölvur	1 kennslusund
Ritþjálfi	1 kennslustund
Bókasafn	1 kennslustund
Handmennt	1 kennslustund
Myndmennt	1 kennslustund
Íþróttir/leikir	3 kennslustundir
Heimilisfræði	námskeið
Sund	námskeið

Námsmat

Lestur: Hraðlestrarpróf í september, október, janúar, mars og maí.
Lesskilningur: Í maí lagt fyrir LH-60 og lesskilningspróf.
Skrift: Próf í janúar og maí. Auk þess er frágangur vinnubóka metinn.
Stafsetning: Könnun í stafsetningu í janúar (Aston index). Maí vorpróf.
Stærðfræði: Kannanir lagðar fyrir yfir veturinn (hvert próf gilti 10%). Lokapróf í janúar og maí (60%). Árangur í könnunum, prófum auk sjálfstæðis og vinnusemi lagður til grundvallar lokaeinkunnar.

Meðaltal einkunna í einstökum námsgreinum:

	Haustönn	**Vorönn**
Lestur	**6,5**	**7,2**
Stærðfræði	**9,0**	**8,5**
Skrift	**6,7**	**7,3**
Stafsetning		**6,7**





Kennslustund í stærðfræði í Vigdísarlundi

Helstu áherslur árgangsins:

- Mikil áhersla lögð á að auka lestrarhraða og að bæta lesskilning. Lestrarstund á hverjum degi í 20 mínútur.
- Fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf.
- Blöndun árgangs.
- Kennarar skiptu á milli sín kennslu námsgreina.
- Kennt í þemum.

Helstu þemaverkefni:

- Skóli- og heimabyggð
- Umferðin
- Plánetur
- Jólin
- Eyjaverkefnið (Litla Madagaskar)
- Páskar / vinátta
- Álfar og tröll
- Sveitin

Vettvangsferðir – uppákomur - bekkjarkvöld

- Gönguferðir í nágrenni skólans. Hraunið mikið notað.
- Ferð í Mjólkursamsöluna í október
- Bingó fyrir jól sem foreldrafulltrúar stóðu fyrir.
- Kirkjuferð í desember.
- Þjóðhátíð í apríl.
- Sveitaferð að Grjóteyri í Kjós um miðjan maí.
- Fjallganga á Helgafell í lok maí.
- Vinahópar voru þvert á árganginn fyrir áramót og eftir jól.



Nemendur 3. bekkja fóru í Mjólkursamsöluna

Það sem gekk vel:

- Lestrarkennslan gekk mjög vel og margir nemendur sýndu miklar framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Stærðfræðikennsla og vinnuáætlun. Framfarir og aukinn áhugi nemenda.

- Almenn ánægja nemenda og kennara með nýtt kennslufyrirkomulag. Kennt í þemum og vinnulotum.
- Allur árgangurinn vann sameiginlega að eyjaverkefninu.
- Blöndun í vinnuhópa þvert á árganginn. Nemendur kynnast betur.
- Samstarf milli kennara í árganginum var mjög gott.
- Samstarf kennara og foreldra gekk mjög vel.

Helga Melsteð, Ída Björg Unnarsdóttir og Margrét Ásdís Haraldsdóttir



Nemendur í 3. bekk gengu á Helgafell í júní

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Nemendur árgangsins voru 76 í þremur bekkjardeildum. 26 í 4.ER, 26 í 4.EÞ og 24 í 4.HS. Umsjónakennarar voru: Anna Rósa Skarphéðinsdóttir, Erna Þorleifsdóttir og Halla I. Svavarsdóttir. Auk þess kenndi Ragnheiður Friðjónsdóttir kennari 9 kennslustundir á viku. Kennt var í stofum V-103, V-105, V-107 og V-101.

Í fjórða bekk fengu nemendur 35 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:

Íslenska	10 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Leikfimi	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Tónmennt og kór	1 ½ kennslustundir
Tölvur	1 ½ kennslustundir
Lífsleikni/Bókasafn	1 kennslustund
List- og verkgreinar	4 kennslustundir

List- og verkgreinar, smíði, handmennt, heimilisfræði, myndmennt, tónmennt og raungreinar voru kenndar í lotum, fjórir tímar á viku.

Námsmat
Fyrsta námsmatið fór fram í september, það var í lestri. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir árganginn í október. Síðan voru hefðbundin próf í janúar og maí.

Meðaltal einkunna í eftirtöldum námsgreinum:

	Haustönn	Vorönn
Lestur	**7.6**	**8,0**
Íslenska	**8,4**	**8,2**
Skrift	**7,1**	**7,3**
Stærðfræði	**8,3**	**8,1**
Náttúrufræði		**8,6**
Samfélagsfræði		**8,5**
Íþróttir	**8,1**	**8,7**

Áherslur í starfi
- Helstu áhersluatriði í árganginum voru mikil og góð samvinna milli bekkjarkennara og færninám í stærðfræði. Mikil áhersla lögð á að auka lestrarhraða og að bæta lesskilning. Einnig að nemendur lesi daglega heima.
- Í stærðfræði er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er í námsefninu Einingu.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.

Vettvangsferðir, félagslíf og þemadagar
- Bekkjarskemmtanir.
- Ferð í Sorpu á haustönn.
- Ferð til Reykjavíkur í tengslum við þema.
- Kirkjuferð í desember.
- Þátttaka á jólaskemmtun (Jólakötturinn sunginn og leikinn).
- Vortónleikar í tengslum við listadaga.
- Geisladiskur tekinn upp í hljóðveri.
- Skautaferð í Egilshöll í apríl.
- Safnasvæðið á Akranesi í maí.
- Kartöflur settar niður í garðlöndum Garðabæjar í maí.
- Fjallganga á Helgafell í maí.



Vorferð á safnasvæðið á Akranesi

Það sem gekk vel:

- Námsárangur nemenda er almennt góður.
- Lestrarkennslan gekk mjög vel og margir nemendur sýndu miklar framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Í samfélagsfræði var unnið með bókina Ísland og Ísland fyrr og nú. Mikil ánægja var með verkefnin sem tengdust bókinni.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og ánægja með viðfangsefnin.
- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið gott og tókst ágætlega að skipta með sér verkum.
- Eftir áramót var mikil samvinna milli bekkja og nemendum skipt í hópa og námsefnið sett upp í hringekju a.m.k. tvisvar í mánuði.

Erna Þorleifsdóttir, Halla Svavarsdóttir og
Anna Rósa Skarphéðinsdóttir



„Ljóðað í lurkinn" verkefni í tónmennt í 4. bekk

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk - niðurstöður

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk fóru fram 20. og 21. október 2005. Prófað var í íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunn nemenda í íslensku var 7,1 og í stærðfræði 7,4. Normaldreifðar einkunnir skólans á kvarðanum 0-60 voru í íslensku 32,7 og í stærðfræði 33,7.

Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60 árið 2005

	Flataskóli	Suðvesturkjördæmi	Reykjavík	Landið allt
Stærðfræði	33,7	31,6	30,0	30
Íslenska	32,7	31,0	30,8	30

Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10 árið 2005

	Flataskóli	Suðvesturkjördæmi	Reykjavík	Landið allt
Stærðfræði	7,4	7,0	6,8	6,8
Íslenska	7,1	6,9	6,9	6,8

Eins og sést á tölunum var árangur nemenda í 4. bekk góður. Markmið Flataskóla er að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa til að bæta skólastarfið. Mikil áhersla hefur verið á stærðfræði undanfarin ár og virðist það skila árangri. Á næstu árum er mikilvægt að leggja áherslu á þá þætti íslenskunnar sem komu verst út en það eru stafsetning og ritun. Efla þarf umræðu og endurskoða kennsluaðferðir.

M. Elín Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngra stigs



Vinnusamir nemendur í 4. bekk

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur árgangsins voru 47 í tveimur bekkjardeildum. 24 í 5.HL. og 23 í 5.JG. Umsjónarennarar voru Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Jafet Egill Gunnarsson. Auk þess kenndi Þórunn Hafstein.
Kennt var í stofum N-215 og N-213.

Í fimmta bekk fengu nemendur 37 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Tölvur	1 ½ kennslustund
Kristinfræði	1 kennslustund
Sund	1 kennslustund
Enska	3 kennslustundir
Leikfimi	2 kennslustundir
Tónmennt	1 ½ kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
List- og verkgreinar	4 kennslustundir

List- og verkgreinar, smíði, handmennt, heimilisfræði og myndmennt voru kenndar í lotum, fjórir tímar á viku.


Námsmat
Námsmat var þannig í flestum greinum að vinna/hópvinna, námsbækur, kannanir, og próf giltu til lokaeinkunnar.

Íslenska: Próf lögð fyrir í desember og maí. Í maí var prófað í málfræði, bókmenntum og ljóðum. Í desember var prófað í málfræði -lestri.
Stafsetning: Kannanir lagðar fyrir reglulega sem giltu til lokaeinkunnar. Próf lögð fyrir í desember og maí.
Stærðfræði: Kannanir lagðar fyrir eftir ákveðinn blaðsíðufjölda í Geisla 1A og 1B. Próf lögð fyrir í desember og maí.
Samfélagsfræði: Söguprof í desember og landafræðipróf í maí.
Náttúrufræði: Próf lagt fyrir úr Auðvitað 1 í rafmagnsfræði annars voru einstaklings- og hópverkefni unnin af nemendum. Einnig voru hinar ýmsu tilraunir gerðar.
Kristinfræði: Nemendur tóku ekkert próf í kristinfræði og fengu því enga einkunn. En fengu gefið fyrir vinnubók.
Enska: Tekin voru nokkur glósupróf yfir veturinn. Lokapróf var í maí.

	Haustönn	**Vorönn**
Lestur	**7,9**	**8.3**
Stafsetning	**7,7**	**8,2**
Íslenska	**8,2**	**8,7**
Stærðfræði	**7,1**	**8,5**
Enska		**8,9**
Skrif og frágangur		**8,5**
Íslandssaga	**8.0**	
Landafræði		**8,7**

Áherslur

- Lögð var áherslu á heildstæða móðurmálskennslu. Nemendur lásu heima í samlestrarbókum og unnu síðan verkefni í skólanum. Verkefnin tóku á ritun, lesskilningi, stafsetningu og málfræði.
- Bætt lestrarlag og –hraði. Nemendur urðu að lesa upphátt heima yfir ákveðið tímabil. Einnig var unnið í hópum og einstaklingslega í skólanum.
- Reynt var að koma til móts við þarfir hvers og eins með getuskiptum stærðfræðihópum.
- Vönduð og öguð vinnubrögð. Reyndum að virkja þann þátt með því að láta vinnu vetrarins gilda sem hluta af lokaeinkunn.



Nemendur í 5. bekk í stærðfræðistofu

Vettvangsferðir
Hjólaferð í kartöflugarðana (sept)
Þjóðminjasafn – Landnám Íslands (okt)
Brettapallar (okt)
Diskótek og pizza með 6. bekk (nóv)
Alviðra
Rannsóknarmiðstöð við jarðskjálftaverkfræði – Veiðisafnið/Stokkseyri (nóv)
Keramikhúsið og bæjarferð 5. HL (des)
Rafheimar (jan)
Skíðaferð (jan)
Fjallganga á Vífilfell – vorferð.
Gróðursetning í Hnoðraholti í júní.
Hjólaferð í Nauthólsvík í júní
5. JG gisti eina nótt í skólanum í febrúar
Bingókvöld og diskó hjá 5. HL (apr)
Bekkjarkvöld hjá 5. JG (apr)



Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Jafet Egill Gunnarsson og Þórunn Hafstein



Nemendur og kennarar í 5. bekk klædd að hætti landnámsmanna
í skólaheimsókn á Þjóðminjasafninu

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Nemendur árgangsins voru 81 í fjórum bekkjardeildum. 20 í 6.AS, 20 í 6.GR, 21 í 6.HG og 20 í 6.HSG.
Umsjónarkennarar voru: Auður Skúladóttir, Guðríður Rail, Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir, Helga Sigríður Guðjónsdóttir og Þóra Þórisdóttir.
Kennt var í stofum N-117, N-119, N-217 og N-219.

Í 6. bekk fengu nemendur 36 kennslustundir fyrir áramót og 37 kennslustundir eftir áramót á viku sem skiptust þannig:

Íslenska	8 ½ kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Enska	3 kennslustundir
Lífsleikni	1 kennslustund
Tölvur	1 ½ kennslustundir
List- og verkgreinar	4 kennslustundir
Tónmennt	1 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Leikfimi	2 kennslustundir
Val	2 kennslustundir e. áramót

Áhersluatriði:
Helstu áhersluatriði árgangsins voru að vinna í lotum og samþætta sumar námsgreinar. Námsmat átti ekki að miðast við eitt próf heldur vera fjölbreytt ferli sem næði yfir ákveðnar lotur.

Helstu viðfangsefni:
Haldið var áfram með færnimiðað nám í ensku og stærðfræði.
Heildstæðri móðurmálskennslu var beitt í verkefnum og unnin verkefni í íslensku þar sem bókin Benjamín dúfa var lesin. Ásamt því var íslensku fléttað inn í verkefni í náttúru- og samfélagsfræði. T.d. var unnið Power Point verkefni í náttúrufræði með tilheyrandi textagerð. Bókin Snorri Sturluson var lesin í tengslum við yfirferð á Sjálfstæði Íslendinga í samfélagsfræði. Lært var um Norðurlöndin með söguaðferðinni og söguramma fylgt og útbúin vinnubók.
Verkefnið Vífilsstaðavatn var unnið í náttúrufræði. Ljóðasamkeppni Flataskóla var endurtekin og lærðu nemendur að yrkja ferskeytlur.

Vettvangsferðir:
Farið var í Vindáshlíð þar sem gist var yfir nótt og þar gengið á Sandfell. Umhverfi Vífilsstaðavatns skoðað í tengslum við Vífilsstaðaverkefnið. Skíðaferð í janúar. Það var haldið diskótek í nóvember og foreldrum boðið á Norðurlandakvöld. Á vordögum var farið Keilu, hjólatúr og gengið á Vífilsfell.

Námsmat:
Námsmat var þannig að nemendur voru í símati í íslensku, stærðfræði og ensku. Tekin voru u.þ.b. fimm próf í hverju fagi. Ekki tókst þó að koma því við í öllum fögum og var þá um lokapróf ásamt vinnueinkunn að ræða.

Meðaltal einkunna í árganginum:

	Haustönn	Vorönn
Lestur	**7,7**	**8,0**
Skrift	**8,4**	**8,4**
Íslenska	**7,4**	**8,5**
Stærðfræði	**7,8**	**8,3**
Enska	**8,7**	**8,9**
Náttúrufræði		**9,4**
Íslandssaga	**8,7**	
Landafræði		**9,5**

Hvað tókst vel?
Vinna í lotum koma einstaklega vel út. Nemendur unnu þá markvisst í ákveðnu fagi samfélags- eða náttúrufræðinnar og var samþætt við aðrar greinar, s.s. íslensku.
Einnig tókst símatið mjög vel sem við tókum upp eftir áramót. Nemendur voru aldrei undir auka álagi yfir stuttan tíma heldur dreifðist vinnan jafnt yfir alla önnina. Bæði foreldrar og nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Ljóðakennsla og ljóðasamkeppni heppnuðust mjög vel og var góð viðbót í flóruna.

Hvað má bæta?:
Í ljósi þess hversu vel það gafst að vinna í lotum og breyta námsmati þá er ljóst að það hefði mátt huga að þessu í öllum greinum.

Guðríður Rail, Halla R. Guðmundsdóttir ,
Helga Sigríður Guðjónsdóttir og Þóra Þórisdóttir





Í náttúrufræði í 6. bekk.

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur árgangsins voru 78 í þremur bekkjardeildum. 25 í 7.EÁ, 26 í 7.JÁ og 27 í 7.SG.
Umsjónarkennarar voru: Elín Ása Þorsteinsdóttir, Jóhanna Bech Ásgeirsdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir.
Kennt var í stofum A-202, A-204 og A-208.

Í 7. bekk fengu nemendur 36 kennslustundir á viku f.áramót og 34 e.áramót sem skiptust þannig:

Íslenska	7 kennslustundir
Stærðfræði	5 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	2 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Danska	2 kennslustundir
Enska	3 kennslustundir
Lífsleikni	1 kennslustund
Tölvur	2 kennslustundir
List- og verkgreinar	4 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Leikfimi	2 kennslustundir
Val	2 kennslustundir f.áramót

Áhersluatriði:
Þar sem 7. bekkur var nú í fyrsta sinn í Flataskóla þá fór fram frumraun á þessum árgangi.
Helstu áhersluatriði árgangsins voru að vinna í lotum og samþætta námsgreinar. Um leið átti að vinna með hæfni nemenda til að vinna í hópi og að meta eigin frammistöðu. Í því fólst að láta árganginn vinna meira saman, bæði í leik og starfi. Námsmat átti ekki að miðast við eitt próf heldur vera fjölbreytt ferli sem næði yfir ákveðnar lotur.

Helstu viðfangsefni:
Í íslensku var unnið með bækurnar Mál er miðill, Málrækt 3, Skrudda III, Grænkápa og síðar á önninni var unnið með bókina Fallorð. Í byrjun annarinnar lásu nemendur bækurnar: Þar lágu Danir í því og Brynhildur og Tarsan. Lestrarátak var í samvinnu við bókasafn þar sem gist var eina nótt og lesin bókin Margt býr í myrkrinu eftir Þorgrím Þráinsson. Höfundur bókarinnar kom í heimsókn um kvöldið og las úr bók sinni í myrkrinu með vasaljós við góðar undirtektir nemenda. Sérstök áhersla var lögð á upplestur í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina sem fram fór í mars. Haldnar voru forkeppnir innan bekkjanna svo og keppni þar sem valdir voru fulltrúar skólans.

Í stærðfræði var unnið með bækurnar Geisli 3 grunnbók, vinnubók 3A og 3B og nokkrir kaflar í bókinni Almennri stærðfræði. Unnið með Hring 3 (prósentur, hlutföll og brot) í heimavinnu. Nemendur fengu ítarefni þar sem við átti bæði af vef og stærðfræði 6A og 6B. Í Geisla náðist að fara í gegnum alla grunnbókina og vinnubækurnar fyrir utan 4 kafla (Geisladiskar, knattspyrna,rökfræði og rafmagn).

Í náttúrufræði var unnið með bækurnar Auðvitað 3 og Líkama mannsins. Unnið var í lotum og í Líkama mannsins var unnið í hópavinnu við gerð líkama í fullri stærð á maskínupappír. Nemendur teiknuðu beinagrindina á pappír og máluðu. Hugmyndin var sú að bæta smám saman inn á myndina t.d. blóðrásinni, hjartanu ofl. Í Auðvitað var unnið með efni bókarinnar auk tilraunartíma einu sinni í viku en ekki vannst alltaf tími til tilraunatímanna. Við mælum með að kennarar panti frekar tíma í raungreinastofu í stað fastra tíma í töflu.

Í samfélagsfræði var byrjað á lotu í Sjálfstæði Íslendinga og voru teknir fyrstu 6 kaflarnir. Unnið var verkefni í hópavinnu og drógu nemendur kafla og bjuggu til teiknimyndasögu sem þeir kynntu fyrir bekknum.

Seinni lotan í samfélagsfræði var í bókinni Evrópu. Þar var skipulagt heildstætt verkefni þar sem nemendur áttu að búa til bækling um borg í Evrópu. Það var unnið í góðu samstarfi við Ingibjörgu á bókasafninu. Í boði voru 13 höfuðborgir í Evrópu og unnu nemendur ýmist einn til þrír saman. Nemendur fengu gátlista til hliðsjónar. Bæklingurinn var unninn í publisher og nemendur fundu sér upplýsingar um sína borg bæði í bókum og á veraldarvefnum. Í bæklingnum átti að vera heimildarskrá, sem Ingibjörg á bókasafninu var búin að kenna þeim að setja upp. Síðan áttu þeir að búa til kynningu fyrir foreldrakvöld í powerpoint. Samhliða unnu nemendur vinnubók bæði heima og í skóla. Það voru 3 skil á vinnubókinni. Í lokin áttu nemendur að skrifa ritgerð um land í Evrópu. Nemendum var ljóst í upphafi lotunnar hvernig námsmatið fór fram.

Ljóðasamkeppni Flataskóla var haldin hátíðleg og fengu nemendur það verkefni að yrkja limru. Á þemadögum að hausti var unnið með að skreyta félagsaðstöðu nemenda og skiptist hópurinn á milli 6. og 7. bekkjar.



Skólahljómsveit 7. bekkjar

Vettvangsferðir:
Farið var á Þjóðminjasafnið sem tengdist námsefni í samfélagsfræði, Sjálfstæði Íslendinga. Einnig var farið að Úlfljótsvatni þar sem gist var yfir nótt. Skátarnir voru með skipulagða dagskrá með nemendum. Farið var í marga skemmtilega lífsleikni leiki.



Ferð á Úlfljótsvatn

Haldin voru þrjú diskótek fyrir nemendur. Að hausti buðu nemendur Flataskóla nemendum í Hofsstaðaskóla á diskótek og síðan buðu nemendur Hofsstaðaskóla nemendum Flataskóla. Foreldrum var boðið á kynningu hjá nemendum í tengslum við Evrópuverkefnið.

Námsmat:
Námsmat var fjölbreytt. Tóku nemendur próf eftir hverja lotu, skiluðu ritgerðum, vinnubókum og einnig unnu þeir viðamikið verkefni í Evrópu sem fólst í gerð bæklings og skjávarpasýningu.

Meðaltal einkunna í árganginum:

	Haustönn	Vorönn
Lestur	**7,9**	**8,0**
Skrift	**8,5**	
Íslenska	**8,0**	**8,2**
Stærðfræði	**7,7**	**8,6**
Enska	**8,4**	**8,0**
Náttúrufræði	**8,6**	**8,9**
Samfélagsfræði		**9,5**
Danska	**8,6**	**8,7**

Hvað tókst vel?:
Vinnan í samfélagsfræði í tengslum við Evrópu tókst mjög vel að mati kennara og nemenda. Það hentaði mjög vel að kenna í lotum. Bókin Sjálfstæði Íslendinga er frekar tyrfin og hentaði því vel að nemendur unnu hana í teiknimyndaformi.
Upplestrarkeppnin setti skemmtilegan svip á skólastarfið og allir nemendur stóðu sig vel.

Hvað má bæta?:
Það er nokkuð ljóst að það verður að bæta gæslu á ganginum hjá 7. bekk, í vetur var skortur á því og það vantaði alveg að hafa einhverja fasta starfsmenn á ganginum. Ef bjóða á upp á félagsaðstöðu í miðrými, þarf að hafa gæslu og skipuleggja með öðrum hætti en gert var í vetur.

Í ljósi þess hversu vel það gafst að vinna í lotum og breyta námsmati þá er ljóst að það hefði mátt huga að þessu í öllum námsgreinum. Gaman hefði verið að ná að virkja alla kennara í það minnsta í einni lotu. Þannig væri hægt að samþætta fleiri námsgreinar saman í einni lotu. Samvinna milli bekkja hefði getað verið meiri en hún varð öflugri er á leið og var til að mynda ferð að Úlfljótsvatni og Norðurlandakvöld til að bæta úr því.

Elín Ása Þorsteinsdóttir, Jóhanna Beck og Svanhvít Guðbjartsdóttir



Hressir nemendur í 7. bekk

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk - niðurstöður

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk fóru fram í október 2005. Prófað var í íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunn nemenda í íslensku var 7,9 og í stærðfræði 8,1. Normaldreifðar einkunnir skólans á kvarðanum 0-60 voru í íslensku 34,3 og í stærðfræði 36,2.

Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0- 60 árið 2005

	Flataskóli	Suðvesturkjördæmi	Reykjavík	Landið allt
Stærðfræði	36,2	30,8	31,1	30
Íslenska	34,3	30,5	30,2	30

Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10 árið 2005

	Flataskóli	Suðvesturkjördæmi	Reykjavík	Landið allt
Stærðfræði	8,1	7,1	7,1	6,9
Íslenska	7,9	7,4	7,4	7,3

Eins og sést á tölunum var árangur nemenda í 7. bekk mjög góður. Markmið Flataskóla er að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa til að bæta skólastarfið. Unnið er með niðurstöður prófa og bornar saman niðurstöður milli 4. og 7. bekkjar. Unnið hefur verið að því í vetur í samvinnu við kennsluráðgjafa í íslensku að bæta enn við íslenskukennslu í skólanum og haldið verður áfram að vinna á markvissan hátt í stærðfræði.

Skúli K. Þorvaldz, deildarstjóri eldra stigs



Nemendur í hópvinnu í 7. bekk

9. Skýrsla um sérkennslu skólaárið 2005-2006

Í skýrslunni koma fram upplýsingar um fyrirkomulag sérkennslu. Hverjir kenna og hvernig kennslan var skipulögð í megindráttum.

Kennarar sem kenndu sérkennslu í vetur voru:
Guðbjörg Ragnarsdóttir og Guðríður M. Thorarensen á eldra stigi.
Sigríður Ólafsdóttir, Guðbjörg Hjörleifsdóttir og Guðríður Sveinsdóttir á yngra stigi. Arnheiður Borg, Ólöf Sighvatsdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir talmeinafræðingur störfuðu bæði á eldra og yngra stigi.
Elín Birna Guðmundsdóttir og Hannes Ingi Geirsson voru með stuðningskennslu í íþróttum.
Stuðningsfulltrúar í vetur voru Auður Gunnarsdóttir, Kolbrún S. Sigmundsdóttir, Svanfríður Snorradóttir (hætti um miðjan vetur) og Guðrún Garðarsdóttir (tók við af Svanfríði).

Fjöldi nemenda
Heildarfjöldi þeirra nemenda sem fengu sérkennslutíma í vetur voru 76, mismunandi marga tíma þó. Hluti nemenda sótti lestrar- eða stærðfræðinámskeið, þrjár til sex vikur í senn. Á yngra stigi voru 37 nemendur og á eldra stigi 39 sem fengu sérkennslu stóran hluta vetrar, sum alla daga önnur 2-3 stundir á viku. Af þeim fengu 19 nemendur nýbúakennslu í íslensku hjá Arnheiði Borg og Guðríður Sveinsdóttur.

Skipulag
Breyting var á skipulagi sérkennslunnar í vetur. Deildarstjórar yngra og eldra stigs hafa yfirumsjón með sérkennslu sem fólst m. a. í:
- Umsjón á skipulagi sérkennslunnar innan skólans.
- Aðstoð og ráðgjöf við bekkjarkennara.
- Að fylgjast með gengi nemenda í sérkennslu.
- Umsjón og stuðningi við starf stuðningsfulltrúa.
- Fundum með bekkjarkennurum, foreldrum, sérfræðingum o.fl.
- Umsjón með tölvuskráningu allra upplýsinga um nemendur með sérkennsluþarfir .
- Að sjá til þess að niðurstöður sérfræðinga sé komið í skjalaskáp til varðveislu.
- Umsjón með nýbúakennslu.
- Umsjón með kennslu í Skjóli.
- Skipulagningu fráviksþjónustu í prófum.

Greiningar
- Greiningarprófið Tove Krogh var lagt fyrir alla nemendur 1. bekk. Læsi 1.1, 1.2 og 1.3 var einnig lagt fyrir alla í 1. bekk.
- Told 1 og Told 2 var lagt fyrir nokkra nemendur.
- Aston Index stafsetningarprófið er lagt fyrir alla nemendur frá 2. bekk.
- GRP-10 er lagt fyrir þá nemendur sem þörf þykir.
- LH 60 og LH 40 eru lögð fyrir nemendur í 3., 4. og endurtekið fyrir þá sem þurfa í 5. bekk.

Kennsla
Boðið var upp á lestrarnámsskeið fyrir nemendur í 2. – 6. bekk og stærðfræðinámskeið fyrir nemendur í 7. bekk. Þeir nemendur sem talið var að hefðu gagn af slíkri þjónustu fengu skriflegt boð sem var sent til foreldra.

Kennsla í Skjóli var í höndum Hannesar Inga Geirssonar og Þórunnar Hafstein. Þar er nemendum gefinn kostur á að vinna verkefni í fámennum hópum. Nemendur eiga að hafa sinn fasta tíma, einu sinni til tvisvar í viku, í mánaðartíma eða lengur.

Sérkennarar fengu til sín ákveðinn hóp nemenda í sínar stofur og fengu nemendur efni við sitt hæfi í því fagi sem bekkurinn var að vinna með á sama tíma. Nemendur voru ýmist í sérkennslu í lengir eða skemmri tíma. Sumir komu inn í námskeið hjá sérkennara þar sem skerpt var á ákveðnum þætti en aðrir þurftu á frekari aðstoð að halda. Ýmist voru nemendur úr einum bekk eða blandaður hópur úr árganginum öllum. Sérkennari fór einnig inn í bekki þegar það hentaði betur og aðstoðaði þar.

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir sálfræðingur og atferlisráðgjafi var með ráðgjöf vegna nemenda fyrir starfsfólk.

M. Elín Guðmundsdóttir og Skúli Kristjánsson Þorvalds deildarstjórar



Nemendur í 1. bekk syngja af innlifun á Degi íslenskrar tungu

10. Skýrslur list- og verkgreinakennara

Heimilisfræði

1. bekkur
Nemendum úr árganginum var skipt í fjóra kynjaskipta hópa og fékk hver nemandi að koma í níu skipti, tvær kennslustundir í senn. Hóparnir komu á fjögurra vikna fresti. Var þetta gert til að nemendurnir þyrftu ekki að bíða eftir að fá að koma. Aðaláhersla var lögð á kennslu í einfaldri matreiðslu, notkun algengra eldhúsáhalda og umgengni. Meðfram verklegri vinnu í eldhúsi unnu nemendur í verkefnabók. Í lok annarinnar fengu nemendur yfirlit yfir þau markmið sem náðust.

2. bekkur
Hverjum bekk var skipt í tvo kynjablandaða hópa og kom hálfur bekkur í einu, tvær kennslustundir í senn. Annar bekkurinn kom fyrir áramót og sá seinni eftir áramót. Hver hópur kom í níu skipti. Aðaláhersla var lögð á einfalda matreiðslu, notkun algengra eldhúsáhalda og umgengni. Jafnframt voru unnin bókleg verkefni, þar af var kynning á fæðuhringnum, matarmenningu í gamla daga og umhverfisfræðslu. Umsagnir voru gefnar í lok annarinnar.

3. bekkur
Árganginum var skipt í fjóra kynjablandaða hópa og komu hóparnir á fjögurra vikna fresti. Hver hópur kom í níu skipti, tvær kennslustundir í senn. Nemendur bökuðu og útbjuggu einfalda rétti og æfðu sig um leið í umgengni. Aðaláhersla var lögð á að þjálfa grunnþættina við eldhússtörf í ljósi þess að nemendurnir hafa fengið fáar kennslustundir í heimilisfræði á fyrri árum. Nokkur bókleg verkefni voru unnin á vetrinum, má þar nefna hollustu matar og hlutverk, hreinlæti og umhverfisvernd.

4. bekkur
Í þessum árgangi var unnið í lotum. Hver hópur samanstóð af nemendum úr þremur bekkjum, 12-13 nemendur voru í hverjum hópi. Hver hópur kom í 10 -11 skipti, tvær kennslustundir í senn. Í tímunum fór fram verkleg og bókleg kennsla en aðaláhersla var lögð á verklega kennslu. Vel var farið yfir hvað felst í samvinnu og nemendur hvattir til að vinna eftir því enda krefst fagið mikillar samvinnu því algengast er að vinnan fari fram í pörum. Léttir réttir voru útbúnir, bæði morgun- og hádegisverðir og einnig voru nokkrir baksturstímar. Mikið var lagt upp úr því að nemendur næðu tökum á að fara eftir uppskrift. Einkunn og umsögn gefin í lok annarinnar.

5. bekkur
Bekkjunum var skipt í fjóra kynjablandaða hópa og var unnið í lotum. Nemendurnir komu í 16-17 skipti yfir veturinn, tvær kennslustundir í senn. Í tímunum fór fram verkleg og bókleg kennsla en aðaláhersla var lögð á verklega þáttinn. Fjölbreyttir kvöldverðir voru eldaðir ásamt köku- og brauðgerð. Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að meðhöndla gerdeig og yrðu sem sjálfstæðastir við vinnu. Í bóklega þættinum voru unnin verkefni með byggingu eggs, næringarfræði, hreinsun ávaxta og grænmetis, umhverfisvernd, kurteisi og tiltekt.
Einkunn og umsögn var gefin í lok annarinnar.

6. bekkur
Bekkjunum fjórum í árganginum var skipt í sex kynjablandaða hópa og voru 12-14 nemendur í hverjum hópi. Lotuskipt. Hver hópur mætti í 11-12 skipti, tvær kennslustundir í senn. Kennslan var bæði bók- og verkleg en oftar var unnið í eldhúsinu, bakað og matreitt. Áhersla var lögð á að nemendur næðu tökum á að fletja út deig og þeyta deig með rafmagnsþeytara. Í bóklega hlutanum var næringarfræði tekin fyrir, æft að stækka og minnka uppskriftir, næringarfræði, gagnsemi og merking þvottamerkja, persónulegt hreinlæti og umhverfisvernd. Einkunn og umsögn var gefin í lok annarinnar.

7. bekkur
Unnið var í lotum og var nemendum raðað í sex kynjablandaða hópa, 12-14 nemendur í hópi. Hver hópur fékk 11-12 skipti. Í tímunum fór fram bókleg og verkleg kennsla en oftast var hún verkleg. Markmiðið yfir veturinn var að nemendur æfðu sig í að nota fjölbreyttar matreiðsluaðferðir. Í bóklega hlutanum var m.a. tekin fyrir næringar-, örveru- og matvælafræði og rætt um mikilvægi réttra vinnustellinga.
Einkunn og umsögn var gefin í lok annarinnar.

Við einkunnagjöf í 4.-7. bekk var tekið mið af eftirfarandi þáttum: Virkni, vinnubrögð og frágangur, samvinna og sjálfstæði.

Nýbreytni
Nemendur í 1. og 2. bekk fengu fleiri tíma en áður. Það var mjög gaman og gagnlegt því á þessum aldri eru börn afar áhugasöm og móttækileg og gott að leggja grunninn að góðri umgengni, samvinnu og vinnubrögðum.

Í 5. bekk unnu nemendur nemendamat. Gott var að fá þeirra mat á kennslunni, á viðfangsefnum og líðan. Allir svöruðu samviskusamlega. Á næsta ári er ætlunin að gera þetta í öllum árgöngum.

Sú nýjung átti sér stað að nemendum í 7. bekk var kennd heimilisfræði en skólinn stækkaði um einn árgang á árinu. Það var ánægjulegt að taka á móti eldri nemendum, þar af leiðandi voru viðfangsefnin meira krefjandi og fjölbreyttari. Flest verkefnin sem lögð voru fyrir nemendur voru við hæfi, en í einstaka tilvikum tóku þau of langan tíma, en tvær kennslustundir eru áætlaðar í einu. Í þau skipti lögðu nemendur minni áherslu á frágang en nauðsynlegt er að hafa nægan tíma til þess þannig að fyrir næsta skólaár verður að gera breytingar á verkefnum.

Kennslurýmið fyrir heimilisfræði er heldur lítið. Þröngt er á milli borðanna þar sem nemendur snæða. Slæm aðstaða er fyrir bóklega kennslu, má nefna að ekki er mögulegt að sýna nemendum efni af myndvarpa en þess væri þörf í fleiri tilvikum en fyrir bóklega tíma. Eldhúsin eru heldur lág fyrir nemendur í eldri bekkjunum en aftur á móti er hæðin góð fyrir yngri nemendur. Þetta árið hefur algengasti fjöldinn í heimilisfræði verið 13-14 nemendur. Þá er afar þröngt í stofunni og meiri spenna skapast í vinnuumhverfinu.

Fyrirkomulag í frágangi var með öðru sniði í vetur. Nemendur í 4.- 6. bekk voru látnir skiptast á að vaska upp og þurrka, þannig að hver nemandi vann með sama félaga, tvö skipti í röð. Þetta var gert til að jafna álagi á nemendur, því að alltaf eru einhverjir sem nenna ekki að ganga frá. Jafnframt kom á daginn að sumir höfðu nánast alltaf annaðhvort bara vaskað upp eða öfugt. Þetta tókst mjög vel og nemendur voru duglegir að leysa málin sín á milli, þó sumir bæru við minnisleysi í sumum tímunum.
Skólaárið gekk í heildina vel, flestir nemendur voru áhugasamir og unnu mjög vel.

Þuríður Jónsdóttir, heimilisfræðikennari



Nemendur í 4. bekk í heimilisfræði

Hönnun og smíði

Verkefnin í 4. bekk voru tvö.

1. Dýr sem sprellikarlar og valið var á milli: kolkrabba, elgs, mörgæsar og fíls.
2. Síðan var tekin fyrir hlutur sem snérist í bandi t.d. höfrungur, selur og páfagaukur.

Ekki náðu allir að klára þessi verkefni. En þeir sem gátu lokið aðalverkefnunum fengu að velja sér aukaverkefni. Margir hönnuðu sinn hlut og var það mjög gott. Selurinn er erfiðastur og verður ef til vill ekki gerður næsta ár vegna þess hve nauman tíma nemendurnir hafa í smíði.

Verkefni **5. bekkjar** var eitt.

1. Hús með ljósi. Það var það stórt verkefni. Þau fengu nægan tíma til að klára verkefnið. Þetta verkefni reyndi mjög á nákvæmni í sögun. Nokkrir nemendur fengu að velja annað t.d pokageymslu sem var eins og bréfpoki. Þetta verkefni er byggt upp á sömu aðferðum og húsið. Einnig voru nokkrir nemendur sem hönnuðu sína hluti og kom það vel út. Margir nemendur gátu unnið um það bil þrjú aukaverkefni.

Verkefni 6. bekkjar voru öll í vali t.d.

- Bátur með vél eða
- Sólarorku verkefni sem nemendur hönnuðu sjálfir.
- Val.

Flestir náðu að vinna tvö verkefni þrátt fyrir að tíminn væri mjög naumur. Báturinn kom ekki eins vel út, vegna tíma skorts, því verður hann ekki í vali á næsta ári.

Verkefni **7. bekkjar** voru:

- Gifs fígúra
- Kertastjaki fyrir sprittkerti.
- Gler- eða plastverkefni.

Þessi verkefni komu ekki vel út fyrir þennan aldur því var það að ég breytti úr gipsverkefninu í platta sem var gerður úr MDF plötum og flísum. Nemendurnir voru ánægðari með þetta verkefni. Næsta ár verður algjör breyting á öllum verkefnum 7.bekkjar.

Bryndís Þórarinsdóttir, smíðakennari



Nemendur í 4. bekk í smíði

Myndmennt

1. bekkur

Kenndar voru tvær kennslustundir á viku. Myndmenntakennari náði í nemendur þ.e. hálfan bekk og var unnið í myndmenntastofu. Unnu nemendur samkvæmt skólanámskrá. Í lok hvers tíma á vorönn mátu nemendur sjálfir, með aðstoð kennarans, hvernig þeim hafði gengið í tímanum og fengu stjörnu þegar þeim gekk vel. Það matsblað fór alltaf til umsjónarkennara eftir tímann. Möppum með vinnu nemenda var skilað að vori ásamt blaði þar sem tíunduð voru verkefni vetrarins, til frekari glöggvunar fyrir foreldra.

Eftirfarandi verkefni voru unnin í vetur: 1. Fuglar - skrap 2. Mappa - stafir og myndir 3. Blóm sumarsins 4. Bókamerki 5. Skógur – unninn með stensli

6. Spegilklipp 7. Sjálfsmynd 8. Tré –áferð 8. Vatnslitun – draumur 9. Vatns-litamynd og sandur (í lím) ofan á hana 10. Myndasaga 11. Kjarval og myndlistin – kynning 12. Hönnun: Harmonikkuklipp **-** teppi 13. Vatn/vax, áferð: Uppstilling.

Námsmat var í formi umsagnar um vorið.

2. bekkur
Kenndar voru tvær kennslustundir á viku í vetur. Myndmenntakennari náði í nemendur þ.e. hálfan bekk aðra hvora viku. Unnu nemendur samkvæmt skólanámskrá í myndmenntastofu. Í lok hvers tíma mátu nemendur sjálfir, með aðstoð kennara, hvernig þeim hafði gengið í tímanum og fengu stjörnu þegar þeim gekk vel. Það matsblað fór ávallt til umsjónarkennara eftir tímann. Möppum með vinnu nemenda var skilað að vori með blaði þar sem tíunduð voru verkefni vetrarins, til frekari glöggvunar fyrir foreldra.
Eftirfarandi verkefni voru unnin í vetur: 1. Grímuklipp: a)Vatnslitun og klipp b) Mynstur 2. Mosaik úr pappír: klippt og límt 3. Mappa: Stafir og mynd 4. Spegil-mynstur: a) teiknað og speglað b) Klessulitur, blek 5. Þrykk á efni (jólagjöf): a) stenslar b)þrykkt á umbúðapappír 6. Köttur 7. Uppstilling a)teiknuð og lituð m. gull-, silfur- og bronslit b) Stækkun og hún máluð með 2 frumlitum og hvítu 9. Liðamót 10. Mannvera á rúðustrikað blað 11. Kjarval kynntur-teiknað (athygli könnuð) 12. Frumlitir kynntir og litað með þeim eingöngu.

Námsmat var í formi umsagnar í janúar og að vori.

3. bekkur
Nemendur voru 2 kennslustundir aðra hvora viku í myndmennt. Dagatal var unnið á haustönn og gefið í jólagjöf. Það var einnig unnið hjá bekkjarkennara og handmenntakennara. Hafa þyrfti í huga næsta skólaár, að útbúa auka dagatal fyrir þá nemendur sem eiga tvö heimili. Leirkrús mótuðu þeir nemendur sem fengu hrós alla tímana eftir jólin.
Verkefni sem unnin voru eftir jól: 1. Muggur kynntur 2. Speglun 3. Monet og
Sölvi Helgason kynntir 4. Mynstur með laufblaðastensli 5. Leir sem verðlaun fyrir góða frammistöðu (hópar 1 og 2) 6. Dýr – límþrykk 7. Fætur –teiknun, litun.
Umsögn var gefin í janúar og aftur að vori.

4. bekkur
Unnið var í lotum þ.e. tvisvar á viku, 2 kennslustundir í senn, sem urðu 10-11 skipti á hóp. Blandað var saman hópum úr öllum bekkjum. Kennslubækur voru notaðar minna en áætlun gerði ráð fyrir, því myndlistarkennari hefur verið að vinna að námsefni á power point og sýndi það á tölvuskjánum þar sem skjávarpi hefur ekki enn fengist í stofuna. Hann mun koma í haust. Þessi aðferð til að koma fræðslunni til skila er mun skilvirkari en áður en þá var notast við ýmsar listaverkabækur, myndvarpa, skyggnuvél, úrklippur o.fl. o.fl. Kennsluefnið kemur í góðar þarfir þegar horft er til þess að kennslustundum í greininni hefur verið fækkað verulega.
Verkefnin voru eftirfarandi: 1. Möppur – „merkið mitt" 2. Himinn og haf 3. Fuglar – þrykk, andstæðir litir 4. Lágmynd – mótun 5. Heitir/kaldir litir 6. Könnun.

Viðhaft var jafningjamat í tveimur verkefnum en annars var símat í verkefnabók Mentor. Einkunn ásamt umsögn var gefin í janúar þeim hópum sem lokið höfðu námi þá og svo hinir sem fengu umsagnir og einkunn að vori.

5. bekkur
Unnið var í lotum sem urðu 15 skipti á hóp (einn hópur fékk 16 skipti). Farið yfir úrval úr kennslubókinni Myndirnar tala, sem fyrirlestur í 4 kennslustundum nú á power point í tölvunni. Úr bókinni var könnun sbr. skólanámskrá. Annað í áætlun stóðst einnig, nema fáir nemendur höfðu tíma til að vinna með Ikona. Til umhugsunar fyrir næsta ár er að setja ofangreinda fyrirlestra inn á heimasíðu kennarans og þá verður óþarft að fá lánaðar bækurnar á bókasafninu.

Viðhaft var símat, þar sem fyllt var í verkefnabók Mentor. Jafnframt einkunnum í tölum voru skrifaðar umsagnir eftir lotuna.

6. bekkur
Unnið í lotum sem urðu aðeins 10-11 skipti á hóp. Áætlun stóðst sbr. skólanámskrá. Myndlistarkennari hefur verið að vinna að námsefni á power point og sýndi það á tölvuskjánum þar sem skjávarpi hefur ekki enn fengist í stofuna. Hann mun koma í haust. Þessi aðferð til að koma fræðslunni til skila er mun skilvirkari en áður þar sem lítið námsefni er til. Viðhaft var símat, þar sem fyllt var í verkefnabók Mentor. Jafnframt einkunnum í tölum voru skrifaðar umsagnir eftir lotuna

7. bekkur
Nýtt námsefni var unnið fyrir þennan hóp þar sem þau hafa ekki áður verið í skólanum í 7.bekk. Verkefnin voru: 1. Skissubók unnin og í hana áttu nemendur að skissa heima viss verkefni. Önnur verkefni voru: 2. líkamshlutföll kennd m.a. með módelteiknun 3. Da Vinci og Picasso voru kynntir og unnið málverk í grátónum í stíl kúbisma 4. Dúkrista og abstraktverk voru unnin. Myndlistarkennari vann að námsefni á power point þar sem ekkert námsefni er til. Sýndi hann það á tölvuskjánum þar sem skjávarpi kemur ekki fyrr en í haust.

Viðhöfð var lotukennsla sem varð aðeins 10-11 skipti á hóp. Símat var notað, þar sem fyllt var í verkefnabók Mentor eftir hvert verkefni sem unnið var. Jafnframt einkunnum í tölum voru skrifaðar umsagnir eftir lotuna.

Engin sýning á mynd- og handverki var haldin eins og alltaf hefur verið þegar hópar hafa útskrifast úr skólanum. Kennara fannst ekki gefast vel að hafa aðrar umgengnisreglur í skólanum fyrir þennan aldurshóp en aðra nemendur skólans, þar sem allt varð mun lausara í reipunum.



Nemendur í 7. bekk í myndmennt

Námsmat í 5. – 7. bekk:
Eftir jólin var þróunarverkefni unnið þ.e. nemendur fengu blað (einkunnaskýrslu) með einkunnablaðinu um vorið þar sem einkunnir voru skilgreindar í prósentum og nánari útlistun á umsögnunum. Þetta er verðugt verkefni en mikil vinna er því samfara þar sem ekki var hægt að færa beint úr verkefnabókinni, heldur þurfti að handfæra allar einkunnir yfir á word skjal á sameign skólans. Vonandi fæst lausn á þessum vanda svo við getum haldið áfram þessu þróunarverkefni sem Skúli deildarstjóri eldri bekkja hleypti af stokkunum.

Foreldrasamstarf:
Sú nýlunda var viðhöfð að myndlistarkennari óskaði eftir að ná tali af foreldrum nemenda sem ekki fóru eftir fyrirmælum í myndmennt. Á foreldradegi mættu forráðamenn liðlega 30 nemenda. Hafði sú heimsókn nær undantekningarlaust í för með sér breytingu til batnaðar í hegðun og framkomu. Einnig skrifaði kennari í dagbók Mentor um flesta nemendur, eins og í fyrra, og gátu þannig áhugasamir foreldrar fylgst með virkni barna sinna þar svo og bekkjarkennarar og skólastjórnendur. Engin viðbrögð hafa borist kennara vegna þessa svo að óvíst er hvort því verður haldið áfram næsta vetur.

Annað:
Með því að minnka kennslutíma greinarinnar, kemur það að sjálfu sér að ekki var unnt að framfylgja aðalnámskrá grunnskóla nú í 4. ,6. og 7. bekkjum. Líklega verður það ekki nákvæmlega eins næsta vetur og því nauðsynlegt að breyta áætlunum (eins og ávallt á haustin) en það fer eftir því tímamagni sem greinin fær í hverjum bekk fyrir sig.

Safnaferðir hafa verið fáar undanfarin ár og er líklegt að kennarar hafi ekki vitað hver ætti að sjá um skipulagningu þeirra. Í Agn-verkefninu var unnin áætlun um ferðir á ýmis söfn eftir árgöngum. Það virðist ekki hafa gengið eftir þ.e. ekki farið inn í skólanámskrá og því líklegt að þessi misskilningur hafi komið upp.

Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir, myndmenntakennari

Textílmennt

1. bekkur
Árganginum skipt í tvo hópa og fékk hvor hópur tvær kennslustundir aðra hverja viku í allan vetur. Unnin voru fjölbreytt verkefni: klippiverkefni, marmorering, pappírsgerð, fingraprjón, vefnaður, útsaumur og klemmukarlar sagaðir út.

2. bekkur
Bekknum skipt í tvo hópa og kom hvor hópur aðra hverja viku, tvær kennslustundir í senn.
Verkefni sem börnin unnu: Púði saumaður úr filtefni, unnið út frá hugmynd barnsins. Saumaður krosssaumur og notað sem skreyting á veski/púða.

3. bekkur
Bekknum skipt í tvennt og kom hvor helmingur aðra hverja viku, tvær kennslustundir í senn. Verkefni sem nemendur unnu: Myndir á dagatal sem unnið var ásamt myndmenntakennara og bekkjarkennurum. Æfingaverkefni í saumavél, skreyttir búningar fyrir þjóðhátíð og saumaðir íþrótta/handavinnupokar í saumavél.

4.bekkur
Í þessum árgangi var ákveðið að blanda saman úr þremur bekkjum í hvern hóp. Unnið var í lotum og fékk hver hópur 10-12 skipti. Lagður var grunnur að prjóni, garðaprjón, saumavélaverkefni unnin úr filti. Afkastamiklir nemendur unnu einnig verkefni að eigin vali.

5. bekkur
Í þessum árgangi var ákveðið að blanda saman úr tveimur bekkjum í hvern hóp. Unnið var í lotum og fengu hóparnir 17 skipti. Prjónið rifjað upp og flestir lærðu einnig bruðgna lykkju. Saumaðar voru svuntur. Þæfð mynd. Afkastamiklir nemendur unnu einnig verkefni að eigin vali .

6. bekkur
Í þessum árgangi var ákveðið að blanda saman úr fjórum bekkjum í hvern hóp. Unnið var í lotum og fengu hóparnir 10-12 skipti. Prjónað í hring slétt og brugðin lykkja og útprjón á

hringprjón eða 5 prjóna. Einfalt vélsaumsverkefni þar sem þau læra að sauma beinan saum og zik zak.

Námsmat í textílmennt var þannig að verkefni voru metin til einkunnar, einnig virkni og ástundun og gefin skrifleg umsögn.

Guðrún Friðriksdóttir, Ída Björg Unnarsdóttir og Margrét Hjaltadóttir



Nemandi í 4. bekk iðinn við að prjóna

Sund

Markmið sundkennslu er að auka færni nemenda í sundi. Tímafjöldi í sundi er ein stund á viku hjá 4., 5. og 6. bekk og er það samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.
Hjá 1., 2. og 3. bekk var kennslan aftur á móti í námskeiðsformi og fengu hóparnir 13 skipti hver, fjórar klukkustundir á viku eða sem samsvarar 19.5 kennslustundum. Það fyrirkomulag að hafa nemendur á námskeiðum teljum við mjög gott því nemendur ná mikilli færni á stuttum tíma. Kennslan í heild sinni gekk vel og árangur allra bekkjadeilda ágætur. Sundstigin sem nemendur taka í lokin eru eftirfarandi:

1.sundstig:
Öndunaræfing 10 x. Ganga 2.5 m með andlit í kafi. Flot á bringu og baki. Skriðsundsfótatök 5 m. Bringusundsfótatök við bakka.
2.sundstig:
Rennsli frá bakka 2.5 m. Marglyttuflot. 8 m bringusundsfótatök. 10 m skriðsundsfótatök. 10 m baksundsfótatök. Hoppa af bakka.

3.sundstig
8 m bringusund. 6 m skólabaksundsfótatök. 12 m skriðsund m/sundfit. 12 m baksund m/sundfit. Köfun eftir hlut.

4. sundstig
25 m bringusund. 12 m skólabaksund. 12 m skriðsund. 12 m baksund m/sundfit.
Stunga úr kropstöðu af bakka.

5. sundstig
75 m bringusund. 25 m skólabaksund . 25 m skriðsund m/án sundfita. 12 m baksund. Stunga af bakka.

6. sundstig
200 m bringusund viðstöðulaust. 50 m skólabaksund. 25 m skriðsund. 25 m baksund. 15 m björgunarsund. Stunga af bakka.

7. sundstig
300 m. bringusund viðstöðulaust. Val um tímatöku í 50 m. bringusundi þar sem tímamörkin eru 70 sek. eða 25 m. skriðsundi þar sem tímamörkin eru 30 sek.
15 m. björgunarsund með jafningja.
Stílsund í bringu- skólabak- skrið- bak- og kafsundi þar sem gefin er einkunn.
Í 7. bekk fá börnin í fyrsta skipti einkunn í tölum fyrir sundstíl.

Elín Birna Guðmundsdóttir, Hannes Ingi Geirsson og
Zoran Johannes Despotovic



Hressir drengir úr 5. bekk í sundi

11. Ýmsar skýrslur

Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur
Í þessari skýrslu segi ég frá fyrsta starfsári mínu sem námsráðgjafi í Flataskóla. Starfshlutfall mitt er 67% og starfa ég frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 8:30-15:00. Námsráðgjafi hefur ekki áður starfað við skólann og er starf mitt því ákveðið frumkvöðlastarf. Þar sem ég var að hefja starf sem námsráðgjafi hef ég átt gott samstarf við þrjá námsráðgjafa í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu í vetur, jafnframt fékk ég góðar upplýsingar hjá námsráðgjöfum í Garðaskóla og Ártúnsskóla s.l. haust. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir helstu verkefnum mínum sem námsráðgjafi í Flataskóla skólaárið 2005-2006.

Helstu áherslur
- Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf í málum sem tengjast námi þeirra, framtíðaráformum, samskiptum og líðan í skólanum. Sérstök áhersla er lögð á að allir nemendur skólans fái notið þjónustu námsráðgjafans.
- Námsráðgjafi vinnur forvarnarstarf, þar sem nemendur fá stuðning til að skólagangan nýtist þeim sem best, þeir fá aðstoð til að átta sig á eigin hæfileikum og áhugamálum og setja sér markmið.
- Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari allra nemenda skólans og gætir hagsmuna þeirra.

- Námsráðgjafi er stuðningsmaður nemenda vegna tímabundinna erfiðleika eða áfalla. Hann leitast við að greina vanda nemenda og vísa til viðeigandi meðferðaraðila ef þörf krefur.
- Námsráðgjafi leggur sérstaka áherslu á vinnu með hópa og á fræðslu.
- Námsráðgjafi vill vera í góðri samvinnu við alla starfsmenn skólans. Námsráðgjafi aðstoðar kennara í einstökum málum sem og foreldra og fleiri samstarfsaðila.

Helstu þættir starfsins

Kynning á starfi námsráðgjafa
- Þar sem námsráðgjafi hefur ekki áður verið starfandi við Flataskóla fékk ég tækifæri til að kynna megináherslur í starfi mínu á fyrsta starfsmannafundi skólaársins.

- Námsráðgjafi fór inn í alla bekki skólans og kynnti sig og starf sitt við skólann. Lögð var áhersla á að námsráðgjafi væri fyrir alla nemendur skólans, að hann væri trúnaðarmaður nemenda og gætti hagsmuna þeirra.

- Námsráðgjafi útbjó kynningarbækling um hlutverk og verkefni námsráðgjafa Flataskóla sem var afhentur foreldrum allra nemenda á kynningarfundum s.l. haust.

Samstarfsaðilar
Námsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi einu sinni í viku ásamt aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum yngra og eldra stigs, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Á nokkra fundi kom auk þess fulltrúi félagsþjónustunnar í Garðabæ.

Margir fundir voru með kennurum, bæði formlegir og óformlegir, um mál einstakra nemenda, nemendahópa og ýmis málefni sem upp komu. Samskiptamál milli nemenda, hegðunarvandamál og almenn vanlíðan voru algengar ástæður þess að bekkjarkennarar fengu aðstoð námsráðgjafa. Reynt var eftir bestu getu að bregðast við og finna ráð sem stuðlað gætu að bættri líðan nemenda. Það var gert með einstaklingsviðtölum, bekkjarfundum og vinnu með smærri hópa.

Samstarf við deildarstjóra yngra og eldra stigs var gott. Að hausti var farið yfir málefni allra þeirra nemenda sem talin var þörf á að fylgjast sérstaklega með. Deildarstjórar fylgdust með framgangi mála hjá nemendum og höfðu samband við námsráðgjafa eftir því sem þurfa þótti og báðu um aðstoð. Samstarf við aðra skólastjórnendur var einnig gott. Rædd voru mál einstakra nemenda og námsráðgjafi beðin að aðstoða við þau mál sem talið var að hann gæti haft góð áhrif á.

Viðtöl
Eins og við er að búast koma ekki margir nemendur af sjálfsdáðum í viðtöl til námsráðgjafa á þeim aldri sem nemendur í Flataskóla eru. Flestir nemendur komu í viðtöl vegna tilvísunar, annað hvort frá kennara, skólastjórnendum, skólasálfræðingi og/eða foreldrum. Viðtölin snérust m.a. um námstækni, prófkvíða, heimanám, samskiptavandamál og um líðan bæði í skóla og almennt. Reynt var að styrkja sjálfstraust þeirra og félagsfærni, kenna þeim námstækni og hvernig best er að skipuleggja nám sitt og tileinka sér betri vinnubrögð í námi. Alls komu um eitt hundrað nemendur til námsráðgjafa í einstaklingsviðtöl, eitt eða fleiri, tvöfalt fleiri drengir en stúlkur. Er þetta um 20% af öllum nemendum skólans.

Vinna með hópa – hópráðgjöf
Sérstök áhersla var lögð á að þjónusta námsráðgjafans væri fyrir alla nemendur skólans. Strax í upphafi skólaárs fór námsráðgjafi á fundi allra árganga skólans. Bauð hann fram þjónustu sína, ásamt því að koma með hugmyndir, bæði að samstarfi og lífsleiknikennslu í árgöngunum. Undirtektir kennara voru mjög góðar þó að námsráðgjafi starfaði mismikið með árgöngum.

Námsráðgjafi hélt námskeið í félagsfærni fyrir ýmsa hópa. Hóparnir voru frá fjórum einstaklingum upp í hálfa bekki. Valið var í hópana í samráði við bekkjarkennara, deildarstjóra og í sumum tilvikum sálfræðing skólans.
Námsráðgjafi hélt bekkjarfundi í ýmsum bekkjum skólans ásamt bekkjarkennara.

Námsráðgjafi kom inn í alla 7. bekkina með námstækni og prófundirbúning. Einnig voru haldin fámennari námskeið í námstækni í öðrum árgöngum skólans.

Önnur verkefni – viðhald fagþekkingar
Seta á kennarafundum
Fundir með foreldrum, umsjónarkennurum og oft deildarstjórum vegna ýmissa mála
Portfolio námskeið
Nýtt tækifæri til náms, málþing á vegum Námsflokka Reykjavíkur
Námskeið í tilfinningakennslu, Baujan
Fyrirlestrar á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa
Námsstefna á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa
Vertu til, samstarfsverkefni í Garðabæ um stefnumótun í forvarnarmálum í bænum.
Málstofa um barnavernd á vegum Barnaverndarstofu
Lífsleiknináмskeið í Flataskóla
Kynning á starfsemi Hins hússins
Fyrirlestrar meistaranema í uppeldis- og menntunarfræðum.

Lokaorð
Ég hef hér reynt að gera grein fyrir helstu þáttum í starfi mínu sem fyrsti námsráðgjafi í Flataskóla. Starfið hefur verið fjölbreytt og umfang þess aukist stöðugt eftir því sem á starfsárið leið. Ekki er mögulegt að skrá alla þætti starfsins, þætti sem geta verið jafn mikilvægir og þeir skráðu. Það eru þættir eins og símtöl, "fundir" á göngum og kaffistofu og ýmiss undirbúningsvinna og skráningar.
Til að starf námsráðgjafa skili árangri þarf gott samstarf við alla aðila að vera fyrir hendi.
Ég hef átt gott samstarf við fjölda aðila innan skólans svo og foreldra. Það er ómetanlegt og vil ég þakka það.
Þegar nýr fagaðili eins og námsráðgjafi kemur inn í skólastarfið þarf starfsfólk að kynnast því á hvern hátt það getur nýtt sér þennan nýja starfsmann. Ég fann fyrir vaxandi áhuga fólks á að leita til námsráðgjafa eftir því sem það kynntist störfum hans og vona því að störf mín hafi sýnt fram á hversu gagnlegt starf námsráðgjafa er í skóla sem þessum.

Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi



Námsráðgjafi með kynningu í 7. bekk

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu - og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun í tölvu- og upplýsingatækni innan skólans. Hann vinnur með öllum nemendum, starfsfólki og foreldrum. Hann á í samstarfi við tölvuumsjónarmann og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni innan bæjarins. Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi kennsluráðgjafa. Hann hefur umsjón með vef skólans, útbýr leiðbeiningar og kennsluefni til að auðvelda allt aðgengi að tölvukosti skólans.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni við grunnskóla Garðabæjar funduðu reglulega. Mikið var rætt um vefi skólanna og umsýslu í kringum þá.
Vefur Garðaskóla var endurunninn í vefumsjónarkerfinu Joombla en það er hægt að nálgast endurgjaldlaust á netinu. Vangaveltur voru uppi um að allir skólarnir gerðu slíkt hið sama. Besti kosturinn væri þó að innleiða notendavænt vefumsjónarkerfi sem mundi gefa meiri möguleika á að dreifa skrifum á vef skólans auk þess að opna möguleika á innri vef. Tvö síðastliðin skólaár hefur verið lögð fram sú ósk að fá vefumsjónarkerfi. Nauðsynlegt er að koma upp einfaldari og betri lausnum í tengslum við vefumsjónina, bæði til að bæta varðveislu gagna og ekki síst til að dreifa umsjón með vefnum. Gott vefumsjónarkerfi opnar einnig möguleikann á því að skólinn geti komið sér upp innri vef.


Nám og kennsla
Í samstarfi við Elísabetu kennsluráðgjafa í Hofsstaðaskóla var farið yfir allar kennsluáætlanir og þær uppfærðar fyrir skólaárið 2005 - 2006. Í þetta samstarf bættist síðan Kristín Steinarsdóttir, kennsluráðgjafi í Sjálandsskóla.

Nemendur í 1. bekk fengu einn tíma á viku í tölvuveri (heill bekkur). Nemendur í 3. bekk fengu einn tíma á viku (½ bekkur) allan veturinn. Nemendur í 2., 4., 5. og 6. bekk fóru í tölvuver einn tíma á viku (heill bekkur) allan veturinn auk þess fengu þeir einn tíma á viku ½ veturinn (½ bekkur). Nemendur í 7. bekk fengu tvo tíma á viku (heill bekkur). Að auki var hægt að panta fartölvuvagninn og lausa tíma í tölvuveri.
Kennsluráðgjafi mætti á árgangafundi þegar kennarar óskuðu þess. Þá var farið yfir kennsluna og skoðuð þau viðfangsefni sem framundan voru. Kennsluforrit sem og annar hugbúnaður var skoðaður eins og ástæða var til. Einnig var farið yfir skráningu á mentor.is, gerð vikuáætlana, kennt á myndavél, myndbandsupptökuvél, skanna og allt það sem kennarar óskuðu eftir.
Á næsta skólaári er áætlað að allir nemendur í 4. – 7. bekk verði með eigið heimasvæði.

Mentor.is
Kennarar skrá í mentor.is alla ástundun nemenda, dagbókarfærslur, einkunnir og heimavinnuáætlun. Forráðamenn fengu sendan veflykil sem veitir þeim aðgang Fjölskylduvefnum en þar geta þeir fylgst með heimavinnuáætlun, ástundun o.fl. Kennarar nota einnig tölvupóst af mentor.is í samskiptum sínum við forráðamanna en um 97 % heimila í Flataskóla er með skráð netfang.

Vélritun
Vélritunarkennsla fór eingöngu fram í tölvuverum og var þá stuðst við kennsluforritið Ritfinn. Nemendur allt frá 1. bekk hafa notað forritið en mest áhersla hefur verið lögð á vélritunarkennslu í 3. – 7. bekk.

Fartölvuvagn fyrir nemendur
Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá fjölda þeirra kennslustunda þar sem fartölvuvagninn var í notkun á liðnu skólaári og á vorönn 2005. Aukninguna á notkun vagnsins má skýra með komu 7. bekkjar og að nýr fartölvuvagn kom í hús í mars 2005.



Auk þess að nota fartölvuvagninn þá gátu kennarar pantað á sameign skólans lausar stundir í tölvuverum fyrir sína hópa sem þeir notfærðu sér í auknu mæli. Kennsluráðgjafi mætti í eins margar kennslustundir og kennarar óskuðu eftir til að aðstoða þá við að tengja og kenna nemendum að umgangast tölvurnar.
Kennarar hafa notað fartölvurnar á margvíslegan hátt í kennslustofunni s.s. láta nemendur vinna verkefni í íslensku, stærðfræði, ensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, tónmennt o.fl.

Ráðstefna, kynningarfundir o.fl.
Kennsluráðgjafi sótti eftirfarandi ráðstefnu og kynningar á skólaárinu.

- námskeið í ms. Flash hjá Tölvu- og verkfræðiþjónustunni
- kynning á Fotostation á bæjarskrifstofum Garðabæjar
- kynning á Focal á bæjarskrifstofum Garðabæjar
- kynning á Outcome kannanakerfi
- Re-Net kynning í Hofsstaðaskóla
- Ráðstefnuna Siðferði á Netinu
- kynning hjá Kennsluforrit.is vegna kennsluforrita.

Kennsluráðgjafi hélt stuttar kynningar fyrir kennaranema og aðra gesti sem sóttu skólann heim.

Vefur skólans
Vefur skólans var í umsjón kennsluráðgjafa en auk hans hafa skólastjórnendur, deildarstjórar og kennarar verið duglegir að koma með efni bæði í máli og myndum fyrir vefinn. Heimsóknir á vefinn frá 10. maí 2001 til júní 2006 hafa verið um 286.000 eða um 100.000 á liðnu skólaári.

Framtíðarsýn
Aðkallandi er að:

- komið verði upp einfaldari lausn í tengslum við vinnu á vef skólans. Nýtt notendavænt vefumsjónarkerfi mundi gefa möguleika á að dreifa meira skrifum á vef skólans auk þess að opna möguleika á innri vef sem myndi stórbæta upplýsingaflæði innan skólans

- gera stefnumörkun til að geta stuðst við í starfi en skýrslan sem gefin var út árið 2000 rann út í ársbyrjun 2003
- fá prentara fyrir kennara í hverja álmu skólans
- fá skjávarpa í sérgreinastofur

Steinunn Hall, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni



Nemendur í 4. bekk í tölvuveri

Skýrsla tölvuumsjónarmanns

Vorið 2005 var gerður samningur við Þekkingu um hýsingu á netþjónum Garðabæjar og þjónustu við þá. Innan þess samnings var netþjónn Flataskóla, sem þá var kominn á tíma vegna aldurs, það var því hafist handa við að færa ýmsar þjónustur yfir á nýjan netþjón hjá Þekkingu. Þessi vinna var unnin með hléum á þessum vetri en í vor var klárað að flytja heimasvæði kennara og ætti því þessi netþjónn að vera orðinn laus og hægt að slökkva á honum eða finna honum ný störf. Þær þjónustur sem við þiggjum þá frá Þekkingu eru eftirfarandi: prentþjónusta, gagnageymsla, afritun gagna, dhcp, dns og póstur. Færslan af netþjóni Flataskóla yfir í hýsingu átti að ganga hraðar fyrir sig en raun bar vitni en það kom ekki að sök þó þetta hafi dregist fram á vorið, verkið heppnaðist vel og án teljandi vandræða.

Flataskóli tengdist ljósleiðaraneti OgVodafone fyrir þetta skólaár og var það forsenda þess að hægt væri að setja netþjón okkar í hýsingu. Ljósleiðaratengingin hefur staðið fyrir sínu og hefur samband við hýsingaraðila ekkert slitnað á þessu skólaári, þó hefur nokkrum sinnum komið hægagangur í kerfið sem ekki hefur verið útskýrður.

Í vetur var komið fyrir tengingu í íþróttahúsinu þannig að nú geta íþróttakennarar skráð mætingu nemenda jafnóðum ásamt því að vinna aðra vinnu sem þeim hefur ekki verið kleyft sökum sambandsleysis við umheiminn.

Um áramót komu inn nýjar fartölvur í fartölvuvagn skólans, þessar nýju tölvur voru algjör bylting. Eldri fartölvurnar voru orðnar mjög hægar enda orðnar gamlar. Utan um þessar fartölvur fengum við svo nýjan hjólaskáp, þessi skápur er búinn öryggiskerfi og nettengingum. Öryggiskerfið er reyndar ekki notað en nettengingin er skref fram á við. Hún gerir tölvuumsjónarmanni kleyft að ræsa allar vélar sjálfvirkt á ákveðnum tíma og keyra inn

uppfærslur. Eldri fartölvur í fartölvuvagni skólans verða notaðar í sérverkefni innan skólans eftir því sem hægt er en þó munu þær verða afskrifaðar á næstu mánuðum.

Í marsmánuði kom, eftir töluverða forvinnu, inn ný ljósritunarvél á vinnuherbergi kennara. Þessi vél er einnig notuð sem aðal prentari fyrir kennara í húsinu. Á sama tíma var keyptur nýr vax litaprentari inn á vinnuherbergi kennara. Þessar tvær vélar leysa af hólmi einn litalaserprentara sem var orðinn dýr í rekstri og gæðin á honum höfðu aldrei verið eins og til var ætlast. Ætlunin er að nota gamla laserprentarann sem svartan prentara í tölvuveri nemenda en þó þarf líklega að huga að því að úrelda þennan prentara og fá nýjan inn í tölvuver.

Á skólaárinu 2004-2005 var ákveðið að setja upp Trend vírusvörn á allar vélar Garðabæjar sú dreifing átti að gerast sjálfkrafa en gekk illa. Trend var því ekki kominn á allar vélar þegar skyndilega var ákveðið að skipta yfir í Avast í apríl á þessu skólaári. Dreifing á Avast átti líka að gerast sjálfkrafa en virðist ekki hafa gengið betur en dreifing á Trend á sínum tíma. Tölvuumsjónarmaður þurfti því að fara yfir allar vélar skólans og sjá til þess að Avast væri uppsettur á vélarnar. Þessi vinnubrögð eru forneskjuleg og er tölvuumsjónarmaður ekki sáttur við vinnubrögð Þekkingar í þessum efnum. Einnig er tölvuumsjónarmaður ekki fullkomlega sáttur við skiptin frá Trend yfir í Avast þar sem Trend var talið eitt af bestu vírusvarnarforritunum sem eru á markaðnum á meðan lítið er vitað um Avast. Avast hefur verið að valda hægagangi á tölvum og þarf þá að henda því út og setja upp aftur á vél, vonir standa þó til að þetta séu byrjunarerfiðleikar sem hverfa.

Í vetur fór fram undirbúningsvinna fyrir breytingar á nafnareglum nemenda og einnig vegna breytinga á heimasvæðum og innskráningarreglum nemenda. Hingað til hafa allir nemendur skólans skráð sig inn á sama notendanafni til þess að flýta fyrir en sú vinna sem unnin var í vetur leiðir til þess að hver notandi fær sitt eigið notendanafn og lykilorð og skráir sig inn á því þegar hann notar tölvur skólans. Með þessum breytingum munu gögn hvers og eins fá að vera í friði og þau munu vera til staðar þegar notandi mætir í tölvutíma. Þennan vetur var töluvert um það að gögn væru færð eða þeim hent en það verður ekki hægt næsta vetur.

Á vormánuðum var ráðinn starfsmaður á bæjarskrifstofurnar sem er yfirmaður tölvumála Garðabæjar. Þessi starfsmaður kom inn með mikinn drifkraft. Það var ákveðið að vinnufundir skyldu haldnir mánaðarlega eða oftar með tölvuumsjónarmönnum skólanna og þessum starfsmanni Garðabæjar og einnig skyldu haldnir vinnufundir með þessu sama starfsfólki og starfsmönnum þekkingar. Þessir fundir eru löngu tímabærir og frábært framtak sem vonandi skilar sér í meira upplýsingaflæði og betra netkerfi skólanna og Garðabæjar.

Í byrjun apríl fór tölvuumsjónarmaður á námskeið og kynningu í forritinu LanDesk. Þetta er forrit sem auðvelda á kerfisstjórum rekstur á netinu sínu. Þetta er forrit sem óskað mun eftir að verði keypt í skólann. Þetta forrit býður upp á image gerð á stýrikerfum véla, eftirlit, dreifingu uppfærslna á vélar, yfirtöku á skjá, skýrslugerð og margt fleira sem nauðsynlegt er í rekstri á tölvukerfum.

Með kaupum á nýjum fartölvuvagni, ljósritunarvél/prentara, prentara og vonandi endurnýjun á öðru tölvuveri skólans á árinu 2006 er ljóst að mikið er verið að gera til að halda tölvukerfi skólans í sem bestum horfum. Þó er það svo að elstu vélar skólans, sem voru í notkun þetta árið voru sjö ára eða eldri, með endurnýjun í sumar verða elstu vélar næsta árs fimm til sex ára. Það samræmist ekki alveg þeirri stefnu að vélar skuli ekki vera eldri en þriggja til fimm ára. Það er mjög mikilvægt að slaka ekki á í endurnýjunarstefnu skólans og bæjarins og halda ótrauð áfram að vera í fararbroddi tækjalega séð svo að tækjakostur sé ekki að fækka kennslumöguleikum okkar.

Tölvukostur flataskóla er eftirfarandi:
Tölvuver-1 16 borðtölvur, Tölvuver-2 13 borðtölvur, Fartölvuvagn-gamall 12 fartölvur, Fartölvuvagn-nýr 15 fartölvur, Sérkennsla 14 borðtölvur, Bókasafn 7 borðtölvur, Vinnuherbergi kennara 2 borðtölvur, Húsvörður 1 borðtölva, Ritari 1 borðtölva, Kennarar og annað starfsfólk 47 fartölvur, Server 1 og þrounartölvur eru 2. Prentarar eru 6. Skjávarpar eru 4. Ritþjálfar eru 38. Skólinn er því með 74 vélar fyrir nemendur og 57 vélar fyrir kennara og aðra starfsmenn.

Jón Sigþór Jónsson, tölvuumsjónarmaður.



Nemendur í 1. bekk í tölvuveri

Skýrsla um þróunarverkefnið Grænfánann

Skólinn tekur nú þátt í svokölluðu grænfánaverkefni og hefur því frá skólabyrjun unnið eftir því. Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Til að koma verkefninu af stað í skólanum var skipuð undirbúningsnefnd. Í nefndinni sátu Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri og Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir kennari. Fundað var einu sinni í viku á föstudögum kl: 10:10.

Á starfsdegi í janúar fóru starfsmenn í heimsókn í Sorpu. Þar fengum við góða kynningu á því sem framundan er.

Áður en farið var að stað í þróunarverkefnið um Grænfánann hafði pappír verið flokkaður á vinnuherbergi starfsmanna og í skólastofum. Hinsvegar var eftirfarandi bætt við:

- Litaður pappír flokkaður sérstaklega.
- Pappírsgámur pantaður og hafður í ruslageymslu.
- Kennarar hvattir til að endurvinna litaðan pappír og karton inni í stofum.
- Ákveðið var að leirtau í stað pappadiska yrði notað á bekkjarkvöldum.

Hafist var handa við að flokka fernur í matsalnum. Sérstök tunna er undir fernurnar. Þaðan er farið með fernurnar í endurvinnslu. Eitt sinn var ákveðið að Flataskóli væri heilsuskóli og að nemendur kæmu aðeins með ávexti og grænmeti í fyrra nesti. Þessu hefur þó ekki verið fylgt nógu vel eftir af öllum kennurum. Því hefur verið ákveðið að frá og með hausti 2006 verð

staðið stíft við þessa stefnu og að engar fernur né annað sorp frá fyrra nesti komi úr kennslustofum.

Ákveðið var að panta mjólkurkælivél frá Mjólkursamsölunni. Mjólkurvélin kom í hús um áramótin og hefur því komið í stað mjólkurferna í matsalnum.

Kennarar hafa einnig verið hvattir til að passa uppá orkuneyslu skólans. Þetta áttu kennarar að sjá um að kynna fyrir nemendum. Hvatt var til að slökkt yrði í kennslurýmum og öðrum vinnurýmum þegar þau væru ekki í notkun.

Námsefni í umhverfismennt var flokkað eftir árgöngum. Námsefnið verður síðan sett inn í Námsvísa næsta haust.

Umhverfisdagurinn var 25. apríl. Þá fengu kennarar glærusýningu um flokkun og umhverfismennt sem þeir voru hvattir til að sýna nemendum og fá á þann hátt umræður í bekkjunum. Einnig var tekið saman námsefni, bækur og myndbönd sem kennarar voru hvattir til að nota.

Nefndin fór í heimsókn í Öldutúnskóla en skólinn hefur fengið Grænfánann. Þar var hægt að fá góðar hugmyndir fyrir starfið sem er framundan. Á næsta skólaári verður haldið áfram í grænfánaverkefninu og þá munu bætast í nefndina fulltrúar nemenda, starfsmanna og foreldra.

Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir



Mjólkurkælivélarnar eru vinsælar í matsalnum

Skýrsla skólabókasafns

Skólasafnið er í glæsilegu húsnæði í nýlegri viðbyggingu skólans. Aðstæður þar eru mjög góðar bæði fyrir nemendur og starfsmenn safnsins. Safnið er mjög bjart og skemmtilegt en í aðalrými þess er útlánaaðstaða, vinnuaðstaða fyrir nemendur og setkrókur fyrir sögustundir.

Safnkostur:
Skráður safnkostur er um 19.555 eintök og skiptist þannig að bækur eru 18.068 eintök en tímarit, hljóðbækur, myndbönd og margmiðlunardiska eru u.þ.b. 1.500 eintök.

Tölvueign safnsins er 8 tölvur. Starfsmenn hafa 2 tölvur til afnota en nemendur 6 tölvur sem þeir nota mikið við upplýsingaleit.
Bókasafnsfræðingur sér um skráningu og flokkun allra safngagna en safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfi sem heitir Gegnir sem Landskerfi bókasafna rekur og hefur umsjón með.
Í vetur hefur bókasafnsfræðingur auk þess haft aðstoðarmanneskju sem séð hefur um útlán, plöstun og frágang bóka sem hefur komið sér vel því starfsemi safnsins er mikil.
Útlánin voru m.a. svo mikil á síðasta ári að við vorum í 2. sæti yfir alla grunnskóla landsins hvað útlán varðar.

Skráður safnkostur -eintök	Heildar fjöldi útlána	Hópavinna á safni – kennslust.
19.555	14.713	264

Bókasafnsfræðinemi kom í starfskynningu á vorönn og kynntist starfseminni sem fram fer hér á skólasafninu.

Safnvinna:
Allir nemendur í 1., 2. og 4. bekk fengu kennslu á safninu í vetur í upplýsingamennt.
Í 1. bekk var lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum hinar ýmsu tegundir bókmennta. Fyrsti bekkur vann með ákveðið þema í hverjum tíma og útbjuggu myndabækur sem nemendur fóru síðan með heim í lok vetrar. Ýmsir rithöfundar voru kynntir fyrir nemendum í öðrum bekk til þess að örva áhuga þeirra á lestri góðra bóka. Nemendur sömdu sögur, ljóð og ævintýri eftir að hafa fengið kynningu á þessum tegundum bókmennta.

Nemendur í 4. bekk unnu með “Safnarann” en það er bók sem þeir bjuggu til sjálfir og söfnuðu síðan ýmsum fróðleik í. Þeir fengu einnig þjálfun í upplýsingaleit í bókasafnskerfinu Gegni.

Mikið og fjölbreytt starf hefur verið unnið á skólasafninu í vetur. Það er mjög ánægjulegt að sjá hve safnið hefur fests í sessi hér í skólanum sem allsherjar upplýsingamiðstöð því það hefur færst mjög í vöxt að nemendur sem vinna að ýmsum verkefnum inn í kennslustofu nýti sér í auknum mæli bækur og tölvur safnsins í allri upplýsingaleit við lausn verkefna. Hópavinna á safninu í vetur voru samtals 264 kennslustundir.
Starfsemin á skólasafninu hefur því breyst mikið á undanförnum árum þ.e. frá því að vera eingöngu útlánasafn yfir í að vera bæði upplýsingamiðstöð og menningarmiðstöð.

Uppákomur:
Á skólasafninu eru skipulagðar ýmsar uppákomur eftir því sem tilefni er til. Bangsavika er haldin árlega á skólasafninu í kringum Alþjóðlega bangsadaginn sem er 27. október. Í bangsavikunni komu yngstu nemendurnir með bangsa að heiman, horfðu á myndband, sömdu sögu um bangsa og teiknuðu bangsamyndir sem skreyttu skólasafnið.
Rúnar H. Vignisson, rithöfundur kom í desember og las fyrir eldri nemendur skólans upp úr bókinni Silfurvængur sem hann þýddi.

Segja má að það sem stendur uppúr varðandi uppákomur á safninu í vetur sé lestrarmaraþon 7. bekkjanna en hver bekkur gisti á safninu eina nótt með bekkjarkennaranum og bókasafnsfræðingnum og lásu langt fram eftir. Auk þess kom rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson í heimsókn sem las fyrir þau í myrkri með vasaljós sér við hönd. Ýmislegt óvænt gerðist í myrkrinu sem gerði kvöldin mjög eftirminnileg.

Lestrarátök:
Á vorönn voru haldin lestrarátök í 3.,4.,5. og 6. bekk og hófust þau á skólasafninu. Farið var yfir reglur og skráningarkerfi lestrarátaksins sem safnverðir héldu utan um. Bekkirnir sem unnu keppnina í sínum árgangi fengu bikar en einnig fengu mestu lestrarhestarnir

viðurkenningarskjöl og/eða bókaverðlaun. Mikið var lesið og segja má að lestrarátökin í ár hafi tekist einstaklega vel í alla staði.

Heimsóknir:
Ákveðin hefð hefur skapast um heimsóknir á Bæjarbókasafnið með nemendur í 2. og 4. bekk. Nemendum er þá sýnt safnið og þeir fá fræðslu um starfsemi þess. Í lok heimsóknarinnar með 4. bekk fá allir nemendur bókasafnsskírteini.

Af framangreindu er ljóst að fjölbreytt starf fer fram á skólasafninu og verður áfram unnið að því að þróa starfsemina þannig að safnið styðji vel við skólastarfið í Flataskóla.

Ingibjörg Baldursdóttir, bókasafnsfræðingur



Nemendur í 7. bekk gistu á bókasafninu

Skýrsla tómstundaheimilis Flataskóla

Starfsemi Tómstundaheimilis Flataskóla er þríþætt þ.e.
Dægradvöl (Krakkakot) fyrir 1.-3. bekk
Heimanám fyrir 4-7. bekk.
Tómstundanámskeið fyrir alla nemendur skólans bæði á haustönn og á vorönn.

Næsta vetur er fyrirhugað að bjóða upp á dægradvöl fyrir 1-4. bekk

Tómstundaheimili
Reynt er að hafa starfið sem ólíkast því sem fram fer í skólaumhverfinu en þó þannig að nemendur hafi af því bæði gagn og gaman. Starfsmenn leggja grunninn að starfinu á haustin, setja gróft skipulag upp á stundatöflu. Vikulega hittast svo starfsmenn á vinnufundum og leggja frekari drög að því sem fram fer frá einni viku til annarrar. Hver starfsmaður er hópstjóri með u.þ.b. 10 –12 börn.

Dægradvöl
Starfsemin fer fram í skúrum á skólalóð Flataskóla og gengur undir nafninu Krakkakot. Fjöldi barna 2005-2006 var u.þ.b. 80-90 börn í dægradvöl á aldrinum 6-8 ára. Starfið í dægradvöl fer fram eftir að skóla lýkur og er til kl. 17:00. Börnunum er skipt niður eftir aldri og eru þrjár

deildir, ein með sex ára börn önnur með sjö ára börn og sú þriðja með átta ára börn. Útlit er fyrir að næsta vetur verði þriðji og fjórði bekkur saman í hóp.

Heimanám
Í vetur sinnti undirrituð heimanámi fyrir nemendur í 4.-7. bekk, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga í eina klukkustund eftir að skóla lauk. Í heimanámi voru um 15 börn.
Í heild gekk veturinn vel fyrir sig.

Tómstundanámskeið
Boðið var upp á nokkur námskeið bæði á vorönn og á haustönn. Reynt var að finna námskeið sem væru bæði hvetjandi og skemmtileg og þjónuðu breiðum áhugahópi. Mjög gott samstarf hefur verið við kennara Flataskóla um afnot af skólastofum fyrir námskeið.

Eftirfarandi námskeið voru í boði veturinn 2005-2006:

Mosaik:	Umsjón: Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir, myndmenntakennari
Bökunarnámskeið:	Umsjón: Jafet Egill Gunnarsson
Tækni-LEGO:	Umsjón: Jóhann Breiðfjörð
Leikræn tjáning:	Umsjón: Ólafur Kristjánsson Þorvaldz
Dansnámskeið:	Umsjón: Birna Björnsdóttir
Skátafélagið Vífill:	Umsjón: Unnsteinn og Bergdís sveitaforingjar
Skákæfingar**:**	Umsjón: Þorvarður F. Ólafsson

Þakka gott samstarf í vetur við starfsmenn skólans og yfirstjórn, en ég mun nú láta af störfum við tómstundaheimilið.

Ásdís Árnadóttir,
forstöðumaður tómstundaheimilis Flataskóla





Furðufatadagur í tómstundaheimilinu